# FRÉTTABLAÐIÐ

104. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. MAÍ 2016




„Það er ótrúleg stemming hérna hjá öllum hópnum,“ segir Greta Salóme, fulltrúi Íslands á Eurovision í Stokkhólmi í ár. Fyrsta æfing Gretu Salóme á stóra sviðinu í tónlistarhöllinni Globen í Stokkhólmi fór fram í gær og tók hún þrjú rennsli. Að hennar sögn er enn verið að finpússa atriðið hvað tæknimál í höllinni varðar. MYND/ANDERS PUTTING

# Vilja kæra höfundarréttarbrot í skólum

**Erlendir höfundar ekki greitt fyrir afritun efnis í íslenskum háskólum. Miklu magni efnis er dreift til nemenda án endurgjalds.**

**STJÓRNSÝSLA** Erlend höfundarréttarsamtök undirbúa aðgerðir gegn skólum og stjórnvöldum hér vegna skorts á samningi um afritun og dreifingu höfundarréttarvarins efnis.

Samningur við íslensku höfundarréttarsamtökin Fjölís er sagður úreltur. Því fái íslenskir höfundar aðeins brot af greiðslum fyrir afritun skólanna. „Staðan er sú að erlendir höfundar fá ekki neitt og okkur gengur mjög hægt að endurnýja þessa samninga. Íslenskir höfundar fá greitt samkvæmt forsendum sem menn gáfu sér 2008,“ segir Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölís. Samtökin hafa sent ítrekunarbréf vegna þessa til menntamála- og fjármálaráðuneytisins.

Bandarísku höfundarréttarsamtökin Copyright Clearance Center og bresku samtökin Copyright Licensing Agency hafa hingað til frestað aðgerðum að beiðni Fjölís á meðn nýr samningur væri í burðarliðnum. En nú hafa samtökin óskað eftir því að Fjölís leiðbeini þeim í gegnum íslenskt lagaumhverfi þannig að erlendir höfundar fái greitt lögum samkvæmt.

Helga segir samninga hafa dregist úr hófi og ný ljón virðist sífellt í veginum. „Við höfum óskað eftir því að menn gangi í það hratt og örugglega að túlka ný lög um opinber fjármál sem mér skilst að séu aðalþröskuldurinn núna.“

> Staðan er sú að erlendir höfundar fá ekki neitt og okkur gengur mjög hægt að endurnýja þessa samninga.
>
> Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölís

Kannað var árið 2014 hversu miklu höfundarréttarvörðu efni væri dreift til háskólanema. Helga segir að í ljós hafi komið margföld notkun og allt erlent efni afritað ólöglega. „Samkvæmt höfundarréttarlögum á að greiða höfundarréttargreiðslur af því efni sem er afritað.“ – snæ

## True North til Noregs

**VIÐSKIPTI** True North hyggst hefja starfsemi í Noregi á næstu misserum. Fyrirtækið hefur stofnað félag í Noregi undir nafninu True North Norway.

Leifur B. Dagfinnsson, stjórnarformaður True North, segir að bandaríska kvikmyndaverið Paramount og aðilar í Noregi hafi sett sig í samband við True North um að taka upp kvikmyndina Downsizing undir leikstjórn Alexanders Payne þar í landi.

Leifur segir tökur hefjast í ágúst en meðal leikara í myndinni verða Matt Damon, Kristen Wiig, Christoph Waltz, Neil Patrick Harris, Alec Baldwin og Jason Sudeikis. „Í framhaldinu af því ákváðum við að slá til og bjóða upp á okkar þekkingu í Noregi,“ segir Leifur.

– ih / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag




**MARKAÐURINN** Sjö vikur eru þar til Bretar kjósa um aðild eða útgöngu úr ESB. Staðan er tvísýn.

**SKOÐUN** Ómar Ragnarsson skrifar um kyrkingu og eyðingu í Mývatnssveit. 12

**SPORT** Mín bestu ár voru í Leicester segir Jóhannes Karl. 18

**MENNING** Íslenski dansflokkurinn frumsýnir tvö ný verk undir yfirskriftinni Persóna. 24

**LÍFIÐ** Forfallnir safnarar gefa út barnmælur fyrir aðra safnara. 36

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg vaxandi norðanátt í dag, víða 10-15 m/s síðdegis. Þurrt og bjart veður suðvestanlands, annars skýjað og dálítil rigning eða slydda norðvestan til á landinu. Síðdegis er einnig búist við rigningu eða slyddu á austanverðu landinu. SJÁ SÍÐU 22



Brent-hráolía hefur lækkað um fimm prósent fyrstu daga mánaðarins.

# Olíuverð lækkar á ný

**EFNAHAGSMÁL** Hrávöruverð á olíu hóf að lækka á ný frá og með föstudeginum síðasta. Í gær hafði verð á Brent-hráolíu lækkað um fimm prósent frá því í byrjun mánaðarins, eftir að hafa náð hæstum hæðum ársins, 48,13 dollurum á tunnu, á fimmtudag í síðustu viku.

**48,1**

**dollar á tunnu er hæsta verð sem Brent-hráolía hefur náð á árinu. Olíuverð hefur lækkað síðan fyrir helgi.**

Allir helstu hagsmunaaðilar í olíuframleiðslu funduðu 18. apríl síðastliðinn, og ræddu meðal annars möguleika á að setja framleiðsluþak á olíu. Ekki náðist sátt um þá leið á fundinum. Eftir fundinn hækkaði hins vegar olíuverð. Að baki þróuninni síðastliðna daga er talið að séu áhyggjur yfir offramboði olíu.

Sögusagnir af aukinni framleiðslu í bæði Írak og Íran eru meðal þess sem hefur ýtt undir lækkunina.

Á mánudag greindi fréttastofa Reuters frá því að tölur bentu til þess að OPEC-ríkin framleiddu 170 þúsund fleiri tunnur af hráolíu á dag en þau gerðu fyrir mánuði, eða 32,6 milljónir tunna á dag. **– sg**

## Endalokin nálgast




Dýpkunarskipið Perlan var í fyrradag dregið inn í Hafnarfjarðarhöfn og bíður þar nú þess að verða rifið í brotajárn. Perlan var ónýt eftir að hún sökk í Reykjavíkurhöfn að lokinni viðgerð í byrjun nóvember í fyrra. Nokkrir dagar liðu áður en tókst að ná skipinu á flot aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Batahorfur lungnasjúklinga hafa aukist

**HEILBRIGÐISMÁL** Horfur sjúklinga sem gangast undir skurðaðgerð vegna lungnakrabbameins hafa batnað á Íslandi.

Þetta kemur fram á heimasíðu Landspítalans. Þar er að finna örfyrirlestra frá þemadögum er kallast Vísindi á vordögum.

Hannes Halldórsson læknanemi fer fyrir hópi rannsakenda og segir í fyrirlestri sínum að síðustu 24 ár hafi orðið hægfara þróun í átt að bættri lifun sjúklinga.

Lungnakrabbamein er með hæsta dánartíðni allra krabbameina á Íslandi og nýgengi sjúkdómsins hefur farið vaxandi.

Árangur skurðaðgerða við lungnakrabbameini hefur aukist markvert. Eins árs lifun hefur farið úr 69 prósentum í 92 og þriggja ára lifun úr 44 prósentum í 73. **– ebg**

# Varanlegur skaði eftir næturgaman á Rangá

**Landeigendur við Ytri-Rangá segja brýnt að sveitarfélagið setji bann við umferð vélknúinna ökutækja um ána til að verja einstaka náttúru. Sæþotumenn hreki burt fuglalíf. Erindinu er enn ósvarað hjá Rangárþingi ytra eftir 15 mánaða bið.**

**UMHVERFISMÁL** „Ótrúlegur skaði og varanlegur hefur orðið af nokkurra klukkutíma kvöld- og næturskemmtun,“ segir hópur landeigenda við Ytri-Rangá sem vill að settar verði reglur um umferð vélknúinna tækja um ána.

Landeigendurnir sendu fyrir meira en ári, í byrjun febrúar 2015, bréf til sveitarstjórnar Rangárþings ytra, og lýstu miklu ónæði af umferð sæþota um Ytri-Rangá. Þrátt fyrir ítrekanir og fund með sveitarstjóranum hefur erindinu ekki verið svarað.

„Undanfarin sumur hefur borið á því að menn fari á vélknúnum vatnaþotum (sæköttum) um Ytri-Rangá. Mikið fuglalíf hefur verið á ánni meðfram spildum undirritaðra, einkum á og við hólma og grynningar sem eru þar víða í ánni,“ segir í bréfinu. Augljós áhrif hafi orðið á fuglalíf af miklum hávaða og öldugangi sem fylgi hinum hraðskreiðu tækjum.

„Fjölmargar andategundir eiga sér bústað við ána bæði sumar og vetur og þær eru sérlega viðkvæmar fyrir truflun af völdum hraðskreiðra vélknúinna tækja. Álftir sem áður verptu í hólmum hafa horfið á brott á miðju sumri og ekki snúið þangað aftur síðan,“ rekja landeigendurnir.

Þá er minnt á að hljóð berist sérlega vel í vatni. „Og því er ekki vafamál að þessi vélknúnu tæki hafa ekki síður áhrif á líf fiska í ánni, einni aflamestu fiskveiðiá landsins,“ segir í bréfinu þar sem skorað er á sveitarstjórnina að beita sér fyrir banni við umferð vélknúinna tækja á Ytri-Rangá „til varnar einstakri náttúru hennar og fjölbreyttu fuglalífi“.

Í vatnalögum frá 1923 er ákvæði um að öllum sé heimil för um vötn.




Hér hefur sæþotuknapi á Ytri-Rangá fallið af baki.

> **Ég veit til þess að víða á landinu er mikil óánægja vegna svipaðra mála og því er brýn þörf á að fá menn til umhugsunar um þetta.**
>
> Hjalti Harðarson, eigandi Garðs



Landeigendurnir segja hins vegar fordæmi fyrir banni eins og þeir leggja til. Þeir nefna sem dæmi lögreglusamþykkt Árborgar þar sem umferð skipa, báta og annarra vatnafarartækja er bönnuð á hluta Ölfusár nema með leyfi lögreglustjóra.

„Við teljum mikilvægt að skynsamleg afstaða verði tekin til þessa máls áður en byggð eykst við ána,“ skrifa bréfritararnir sem eiga lönd ofan skógræktarjarðarinnar Bolholts á austurbakka Ytri-Rangár.

Bréfið var tekið fyrir 25. febrúar í fyrra á fundi sveitarstjórnar sem frestaði afgreiðslu málsins og fól Ágústi Sigurðssyni sveitarstjóra að afla frekari gagna um meðferð sambærilegra mála. Ekki náðist tal af Ágústi í gær.

Einn landeigendanna, Hjalti Harðarson, segir að þrátt fyrir erindið til sveitarstjórnarinnar hafi ekkert verið aðhafst. „Ég veit til þess að víða á landinu er mikil óánægja vegna svipaðra mála og því er brýn þörf á að fá menn til umhugsunar um þetta,“ segir Hjalti Harðarson.

gar@frettabladid.is



# iPhone SE hjá Nova!

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir




**iPhone SE** 16GB

**69.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Dorrit Moussaieff með heimilisfesti í Ísrael og sköttuð í Bretlandi

**SKATTAMÁL** Örnólfur Thorsson forsetaritari ítrekar að Dorrit Moussaieff, eiginkona Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, sé skráð með fasta búsetu í Bretlandi og greiði þar skatta í kjölfar frétta um tengsl hennar við aflandsfélög. Dorrit er með þrefalt ríkisfang, íslenskt, breskt og ísraelskt. Heimilisfesti hennar er í fæðingarlandi hennar, Ísrael.

Í umfjöllun Reykjavik Media, The Guardian og Süddeutsche Zeitung kemur fram að samkvæmt gögnum frá 2006-2007 sé forsetafrúin ein af þremur meðlimum Moussaieff fjölskyldunnar sem sameiginlega áttu fyrirtæki á Bresku Jómfrúareyjum, Jaywick Properties Inc. Þá kemur fram í umfjöllun The Guardian að Dorrit sé ekki með skattalega heimilisfesti í Bretlandi. Í umfjöllun The Guardian kemur fram að slík skráning (non domiciled) beri með sér takmarkaða skattskyldu. Hugtakið „non-domiciled resident“ er sérregla í breskum skattareglum og afar umdeild. Samkvæmt reglunni geta aðilar verið heimilisfastir í Bretlandi og greiða aðeins skatta af tekjum sem eiga uppruna sinn í Bretlandi og þeim sem eru færðar inn í landið. Á Íslandi eru þeir sem eiga hér heimili tekjuskattsskyldir af öllum tekjum, hvaðanæva úr heiminum. Þau Ólafur Ragnar eru skráð sem „hjón ekki í samvistum“ í Þjóðskrá síðan árið 2012. Árið 2013 sendi Dorrit frá sér yfirlýsingu um að hún hefði gert ráðstafanir að ráðleggingum lögfræðinga sinna til að geta sinnt störfum í London við fjölskyldufyrirtækið. Dorrit hefur ekki viljað tjá sig frekar um þessi málefni og segir þau einkamál. Fréttastofa 365 hefur þrátt fyrir það beðið um svör við því hver aðkoma hennar er að stjórn og rekstri þeirra aflandsfélaga sem hún er sögð eiga hlut í. **– kbg**



Dorrit Moussaieff forsetafrú

**» Hugtakið „non domiciled resident“ er sérregla í breskum reglum sem felur í sér takmarkaða skattskyldu. Reglan er afar umdeild í bresku samfélagi.**



**Tæknideild lögreglu fann líkamsleifar á heimili hjónanna.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hjón í haldi vegna pyntinga

**ÞÝSKALAND** Hjón á fimmtugsaldri eru í haldi lögreglu í Höxter í norðvesturhluta Þýskalands vegna gruns um að hafa myrt tvær konur.

Hjónunum er gert að hafa lokkað konurnar til sín í gegn um stefnumótasíður, pyntað þær og myrt og losað sig við líkamsleifar annarrar í arni á heimili hjónanna.

Rannsóknarlögregla telur að hjónin kunni að hafa myrt fleiri, en hún hefur rannsakað dauða konu sem lést á sjúkrahúsi af sárum eftir pyntingar. Talið er að hjónin hafi skilað konunni heim eftir grófar pyntingar. **– srs**

## Söluferli í endurskoðun

**VIÐSKIPTI** Vegna breyttra aðstæðna verður söluferli Landsbankans ekki eins og lagt var upp með í upphafi af Bankasýslu ríkisins. Þetta kemur fram í frétt á vef Bankasýslunnar í gær.

Meðal breytinga eru fyrirhugaðar kosningar til Alþingis í haust. Ferlið er því sagt verða endurskoðað í samráði við stjórnvöld og Alþingi.

Vegna þessa telji stofnunin líka rétt að fresta um ótilgreindan tíma ákvörðun um ráðningu ráðgjafa vegna söluferlisins. Bankasýslan óskaði 20. janúar eftir yfirlýsingum frá áhugasömum aðilum um mögulegt ráðgjafarhlutverk og hefur á undanförnum mánuðum farið yfir þær 17 yfirlýsingar sem bárust. **– óká**

# Úrgangur 22% minni en 2006

**Hver Reykvíkingur sendi frá sér 181 kíló af úrgangi í fyrra, en 233 kíló tíu árum fyrr. Frá reykvískum heimilum safnaðist 61 prósenti meira af plasti í apríl en í janúar. Blandaður úrgangur dregst saman um 35 prósent.**

**UMHVERFISMÁL** Heildarmagn af úrgangi frá heimilum í Reykjavík hefur dregist saman um 22 prósent á tíu árum. Árið 2006 bárust 233 kíló af úrgangi frá hverjum íbúa en í fyrra var hann kominn niður í 181 kíló. Þar sem tæplega þrjátíu kíló af því magni voru endurvinnsluefni þá liggur fyrir að magn blandaðs úrgangs hefur dregist saman um 35 prósent á tímabilinu.

Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg, segir árangurinn góðan að sínu mati, þó alltaf megi gera betur í málaflokknum. Í því sambandi nefnir hún að í október hafi verið samþykkt aðgerðaáætlun til 2020 um meðhöndlun úrgangs og þar eigi bæði að lágmarka myndun úrgangs en einnig að sá úrgangur sem fellur til fari í sem bestan farveg. Græn tunna undir plast sé hluti af þeirri áætlun en magntölur sýni að þeirri lausn hafi verið mjög vel tekið af borgarbúum.

Tölur um endurvinnslu styðja þetta, en um 33 tonn af plasti bárust frá heimilum í Reykjavík fyrstu fjóra mánuði ársins en í dag eru ríflega 2.000 bláar tunnur við heimili. Plastmagnið fór úr 4,5 tonnum í janúar í 11,6 tonn í mars sem er 61% aukning.

Eygerður bendir á að magn blandaðs úrgangs frá heimilum er sambærilegt milli ára, fór úr 149 kílóum á íbúa árið 2014 í 151 kíló í fyrra. Aukning er í pappírstunnunni á milli ára, fór úr 27 kílóum á íbúa árið 2014 í 29 kíló á íbúa 2015. „Það ánægjulega er að sá hluti sem er flokkaður verður sífellt stærri,“ segir Eygerður en bætir við að það veki athygli að bætt efnahagsástand virðist ekki auka magn úrgangs frá heimilum eins og vænta mætti og rannsóknir sýni að sé algengt.

Spurð um fækkun sorphirðudaga í Reykjavík, sem olli óánægju hjá mörgum, og hvort sú aðgerð verði endurskoðuð, segir Eygerður að forsendur þeirrar aðgerðar hafi verið að bjóða frekari flokkun við heimili, eins og með plastið. Sú aðgerð hafi minnkað blandaðan úrgang sem komi á móti.

Önnur vísbending um að rétt hafi verið að fækka sorphirðudögum, líkt og mörg nágrannasveitarfélög hafi gert, sé að margir nýti sér spartunnu, sem er helmingi minni en hefðbundin grá tunna fyrir blandaðan úrgang. Vissulega hafi einhverjir þurft að fjölga tunnum, þó ekki sé mikið um slíkt. Hins vegar taki fólk frekar þá ákvörðun að flokka meira en að fjölga tunnum fyrir blandaðan úrgang, segir Eygerður en þá séu ekki þeir fjölmörgu taldir sem nýta þjónustu grenndar- og endurvinnslustöðva í borginni til að losa sig við endurvinnsluefni.
**svavar@frettabladid.is**





**Uppsveifla í efnahagslífinu kemur ekki fram í meiri úrgangi í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÁRIÐ 2006**
**233** kíló af úrgangi komu frá hverjum íbúa.

**ÁRIÐ 2015**
**181** kíló af úrgangi kom frá hverjum íbúa, 22% minna en 2006.

**33** tonn af plasti bárust frá heimilum í Reykjavík fyrstu fjóra mánuði ársins.

**4,5** tonn bárust í janúar en 11,6 tonn í apríl sem er 61% aukning.


LYFJA
– Lifið heil

15% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í maí

www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju




Voltaren Gel

Lyfjaauglýsing

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 4.-8. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




Lestur Fréttatímans og Fréttablaðsins dregst mismikið saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lestur á Fréttatímanum dregst saman

**FJÖLMIÐLAR** Lestur á Fréttatímanum fór úr 40,6 prósentum í 36,2 á milli ára á meðal einstaklinga á aldrinum 12 til 80 ára um allt land. Það gerir um 10,7 prósent minni lestur.

Þetta kemur fram í Prentmiðlamælingu Gallup frá janúar til mars á þessu ári og er borið saman við sama tímabil í fyrra.

Á sama tímabili, í sama markhópi, minnkaði lestur Fréttablaðsins um 5,6 prósent, úr 51,5 prósentum í 48,7.

Fréttatíminn fór úr 46,3 prósentum í 39,7 prósent á sama tímabili á meðal einstaklinga á aldrinum 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Það gerir 14,2 prósenta minni lestur.

Á sama tímabili, í sama markhópi, minnkaði lestur Fréttablaðsins um þrjú prósent, úr 53,7 prósent í 52,2.

Fréttatíminn tók talsvert stökk upp á við í lestri frá þriðja ársfjórðungi 2014 til fyrsta ársfjórðungs 2015. Það stökk hefur nú nánast alveg gengið til baka í aldurshópnum 12 til 80 ára og hafði gert það fyrr í yngri aldurshópnum. – srs

# Framtíðartækni til umræðu




**Horft inn í framtíðina** Gestir á vefráðstefnunni Re:publica prufukeyra nýja tegund þrívíddargleraugna. Um 8.000 bloggarar, YouTube-stjörnur, aðgerðasinnar og stjórnmálamenn eru saman komnir á ráðstefnunni sem er haldin í Berlín um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Semja fyrir 1,2 milljarða króna

**ORKUMÁL** Landsnet gekk í síðustu viku frá samningi að verðmæti 1,2 milljarða króna vegna tengingar iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík við Þeistareykjavirkjun og raforkuflutningskerfið. Kostnaðaráætlun Landsnets var tæplega 1,5 milljarðar króna. Tilboð fyrirtækjanna LNS Saga og Leonhard Nilsen & sønner voru þau einu sem bárust í byggingu tengivirkjanna tveggja.

„Það er mikilvægt að þetta gangi allt vel þar sem gert er ráð fyrir að afhending raforku á Bakka geti hafist eigi síðar en 1. nóvember 2017,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, í tilkynningu.

Gert er ráð fyrir að jarðvinna vegna framkvæmdanna hefjist í júní á þessu ári en báðum verkhlutum skal vera að fullu lokið 15. september 2017. – shá

# Segist hafa búið til Bitcoin

**VIÐSKIPTI** Ástralski athafnamaðurinn Craig Wright segist höfundur rafræna gjaldmiðilsins Bitcoin. Mikil leynd hefur hvílt yfir því hver bjó gjaldmiðilinn til. Gekk Wright lengi undir dulnefninu Satoshi Nakamoto.

Wright hafði samband við BBC, GQ og Economist og lagði fram gögn sem sögð eru sanna mál hans. BBC hefur eftir Jon Matonis, einum stjórnenda Bitcoinstofnunarinnar, sjálfstæðrar stofnunar sem leitast við að koma gjaldmiðlinum á framfæri, að hann sé sannfærður um að Wright sé Nakamoto í raun og veru.

Bitcoin er eins og áður sagði rafrænn gjaldmiðill. Þeir sem eiga Bitcoin geyma myntina í rafrænu veski sem virkar eins og sjálfstæður bankareikningur. Kerfið er nafnlaust að öllu leyti og er hvert Bitcoin virði um 55 þúsunda íslenskra króna. – þea

# Vísindamenn hafa auga með Bárðarbungu

**Aukin jarðskjálftavirkni í og við Bárðarbungu að undanförnu er helst rakin til jarðhræringanna veturinn 2014 til 2015. Fylgst er með jarðhita og mögulegri vatnssöfnun í sigkötlum. Vísindamannaráð almannavarna fundar á næstunni.**

**NÁTTÚRA** Jarðvísindamenn eru með auga á aukinni jarðskjálftavirkni í og við Bárðarbungu þessi misserin. Ýmsar kenningar eru uppi um hvað veldur, en engu er hægt að slá föstu. Hópur vísindamanna mun funda á næstunni á vettvangi almannavarna til að gaumgæfa stöðuna.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor og jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskólans, segir að allt frá því í haust hafi orðið vart við að jarðskjálftavirkni við Bárðarbungu hafi hægt og bítandi verið að aukast nokkuð.

„Við getum ekki verið viss um hvað nákvæmlega er á ferðinni en það þykir líklegt að hér séu á ferðinni viðbrögð sem tengjast jarðhræringunum við Bárðarbungu og eldgosinu í Holuhrauni, veturinn 2014-2015. Þetta eru grunnir skjálftar sem benda til þess, en það þarf að skoða þetta betur. Það þarf að fylgjast vel með Bárðarbungu, og við erum að fylgjast með jarðhita á svæðinu – hvort hann vex og katlarnir undir jöklinum geti farið að safna vatni og valda hlaupum. Það er ekki enn þá en sigkatlarnir eru heldur að stækka,“ segir Magnús Tumi.

Hann útskýrir að skjálftarnir tengist því þegar askja, eins og gerðist í Bárðarbungu, fellur saman þá myndast mikið ójafnvægi á svæðinu. Grunnvatnsborðið fellur til dæmis en þegar það rís aftur myndast þrýstingur og ísblokkirnar byrja að skríða til.

„Þetta gæti verið skýringin en það er ekkert hægt að fullyrða um það – að þetta séu viðbrögð við því sem áður gerðist. Maður skyldi þó halda að sá fasi ætti að vera yfirstaðinn núna.“

Fylgst verður grannt með þróun



Eldgosið í Holuhrauni stóð í sex mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

> En það lítur enginn svo á að við séum komin í eitthert krísuástand, eða neitt slíkt. Við þurfum bara að vita hvað er að gerast
>
> Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur



mála við fjallið í sumar, að sögn Magnúsar Tuma. Sérfræðingar Veðurstofu Íslands eru að skoða hvort ástæða sé til að setja upp mæli uppi á Bárðarbungu til eftirlits. Þá er í pípunum að vísindamannaráð almannavarna komi saman á næstunni og fari yfir stöðuna – en sá hópur fundaði daglega um langt skeið fyrir og á meðan eldur var uppi í Holuhrauni.

„En það lítur enginn svo á að við séum komin í eitthvert krísuástand, eða neitt slíkt. Við þurfum bara að vita hvað er að gerast,“ segir Magnús Tumi og bætir við að engin merki séu um að jarðskjálftavirknin sé undanfari að einhverju stóru, þó um sé að ræða töluverða virkni.

Eins og gögn Veðurstofunnar sýna þá má nefna sem dæmi að fimmtán skjálftar mældust við og í Bárðarbunguöskjunni á einum klukkutíma á sunnudagskvöldið – flestir litlir. Hins vegar eru það stóru skjálftarnir sem telja mest segir Magnús Tumi en skjálftar vel rúmlega þrjú stig hafa mælst allnokkrir að undanförnu og skjálfti í apríl mældist 4,2 stig.

svavar@frettabladid.is

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn **föstudaginn 20. maí 2016 kl. 16:00** í Aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Upplýsingar um fundinn og ársreikning má nálgast á heimasíðu sjóðsins **www.landsbankinn.is/ltfi**.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

TILBOÐ



IBTDJAC0106
**SKRÚFSTYKKI 6"**
6" Opnun
Fullt verð 25.110 kr
**16.900** m/vsk



IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2" 8 - 32 mm
Fullt verð 11.725 kr
**8.900** m/vsk



IBTGAAD1007
**INNANSEXKANTSETT**
10 STK. 4 - 19 mm
Fullt verð 4.567 kr
**2.990** m/vsk



IBTGZC2005
**SKRÚFJÁRNSETT 20 STK.**
Ph. Slétt og stjörnu
Fullt verð 8.336 kr
**5.900** m/vsk

TILBOÐ

## SKRALLLYKLASETT PRO 12 STK

Stærðir 8 - 19mm
72 tanna
Sterkur taupoki

vnr IBTGPAQ1202

**16.900** m/vsk
Fullt verð 19.205



TILBOÐ

## KRUMPUTÖNG 6 STK

Til að pressa
rafmagnsskó.
6 teg. kjafta fylgja

vnr IBTGAAI0704

**9.900** m/vsk
Fullt verð 16.727



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900** m/vsk
Fullt verð 21.647



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900** m/vsk
Fullt verð 36.391



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Lyklar, skrúfjárn, tangir
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 35.217



LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

**27.900** m/vsk
Fullt verð 39.688





## SÁ VINSÆLI

**283 verkfæri**

BÚKKAR FYLGJA MEÐ ÞESSUM SKÁP





**177.750** m/vsk
Okkar besta verð

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Landvernd nýtti ekki færi til mótmæla

**Framkvæmdastjóri Fannborgar ehf. sem rekur gistingu í Kerlingarfjöllum segir útilokað að Landvernd hafi kært nýtt hótel á staðnum í öðrum tilgangi en að valda ónauðsynlegum skaða. Landvernd hafi ekki nýtt tækifæri sem gáfust til mótmæla fyrr í byggingarferlinu.**



Páll Gíslason segir Fannborg hafa selt gistingu í uppbúnum rúmum í tveggja manna herbergjum í tíu ár. Eftirspurn eftir slíkri gistingu vaxi stöðugt en svefnpokagisting dragist saman miðað við fjölda þeirra sem sæki svæðið heim. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR

**SKIPULAGSMÁL** Páll Gíslason, framkvæmdastjóri Fannborgar ehf., sem byggir nú hótel í Kerlingarfjöllum, segir ekki hægt að sjá að Landverndarmenn skilji eðli umhverfismats.

„Um þá vinnu gilda lög og þar er skýrt tekið fram í fyrstu grein að umhverfismati sé ætlað að meta áhrif framkvæmdar á gefna umhverfisþætti og þörf á mótvægisaðgerðum framkvæmda, ekki að framkvæmdin sem slík sé til umræðu eða mats,“ segir Páll sem er ósáttur við kærur Landverndar vegna byggingar 120 herbergja hótels Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Er hótelið verður fullbyggt býður Fannborg 342 gistirými á staðnum.

Landvernd kærði Skipulagsstofnun í fyrrasumar fyrir að heimila byggingu fyrsta áfanga af þremur við hótelið án undangengins umhverfismats. Samtökin kærðu síðan Hrunamannahrepp í mars á þessu ári fyrir að gefa út byggingarleyfi fyrir hótelinu. Krafa var gerð um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða en úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála á eftir að úrskurða.

„Formaður Landverndar segir að á þeim bæ hafi mönnum ekki verið ljóst fyrr en í febrúar á þessu ári að framkvæmdir voru hafnar. Við bendum á að á fundi í ágúst í fyrra gerði ég þeim grein fyrir að framkvæmdir væru hafnar og Landverndarmenn buðu þá að draga kæruna til baka gegn stöðvun framkvæmda,“ segir Páll.

Þá vitnar Páll til þeirra orða Snorra Baldurssonar, formanns Landverndar, í Fréttablaðinu 25. apríl síðastliðinn að það hafi verið „bjánalegt“ af Skipulagsstofnun að gefa heimild til að byggja fyrsta áfanga hótelsins án þess að gert yrði umhverfismat því þá væri orðið mjög erfitt að hætta við framkvæmdina.

„Á móti vekjum við athygli á því að Landverndarmenn hafa ekki nýtt sér þau tækifæri til mótmæla, sem þessi ferli bjóða upp á,“ segir Páll.

Í Fréttablaðinu fyrir viku var sagt frá bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að kæra Landverndar virtist „vera til þess eins fallin að valda sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum á svæðinu tjóni“, eins og segir í bókuninni.

„Í ljósi þess að seinni kæran er sett fram löngu eftir að Landvernd er ljóst að vinna við umhverfismat er hafin og að hún beinist ekki gegn Skipulagsstofnun, þá er nánast útilokað að halda því fram að henni sé ekki ætlað að valda ónauðsynlegum skaða,“ segir Páll Gíslason.

gar@frettabladid.is

> **Vekjum við athygli á því að Landverndarmenn hafa ekki nýtt sér þau tækifæri til mótmæla, sem þessi ferli bjóða upp á.**
>
> Páll Gíslason, framkvæmdastjóri Fannborgar ehf.





Arineldur á að gleðja gesti Hótels Kerlingarfjalla. MYND/BATTERÍIÐ

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Ársfundur
Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 26. maí nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Dagskrá**

1 Skýrsla stjórnar
2 Kynning ársreiknings
3 Tryggingafræðileg athugun
4 Fjárfestingarstefna sjóðsins
5 Kosning stjórnar og varamanna
6 Kjör endurskoðanda
7 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8 Laun stjórnarmanna
9 Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, frjalsi.is, tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Arion banki – fyrir framtíðina



Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ, hélt erindi á málþingi BSRB og ASÍ um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 40% fresta læknisheimsókn vegna kostnaðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Að meðaltali greiða heimilin í landinu ríflega 145 þúsund krónur á ári í heilbrigðisútgjöld eða 4,3 prósent af ráðstöfunartekjum sínum. Mest greiða öryrkjar eða tæplega 180 þúsund krónur á ári.

Þetta kom fram í erindi Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í félagsfræði við hjúkrunardeild Háskóla Íslands, á málþingi BSRB og ASÍ í gær. Yfirskrift málþingsins var: Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?

Samkvæmt könnun Rúnars frá árinu 2015 hafa tæp 22 prósent landsmanna frestað læknisþjónustu sem þörf var á síðastliðið hálft ár. Kostnaður læknisþjónustu var í mjög auknum mæli frá árinu 1998 ástæða þess að frestað var að leita til læknis. Árið 1998 frestuðu þrjátíu prósent sjúklinga að sækja sér læknisþjónustu vegna kostnaðar en árið 2015 frestuðu 41,4 prósent því að leita sér hjálpar vegna kostnaðar.

„Við erum á svolítið öðru róli en hin Norðurlöndin því við erum að auka einkafjármögnunina en þau hafa leitast við að lækka hana. Það er ekki tilviljun að þeim fjölgar sem fresta vegna kostnaðar. Við höfum verið vafrandi í þessari stefnumörkun og höfum ýmist verið að lækka eða hækka einkafjármögnunina,“ segir Rúnar. – snæ




# FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG OG Á MORGUN!

DÆMI UM VÖRUR Á OFURTILBOÐI:



RJR. JOHN ROCHA JEANS

**40% afsl.** af úrvali af gallabuxum fyrir alla fjölskylduna.



lounge & SLEEP at DEBENHAMS

**40% afsl.** af úrvali af náttfötum fyrir alla fjölskylduna.



redherring

**40% afsl.** af úrvali af yfirhöfnum fyrir alla fjölskylduna.



JESSIGIRL

**40% afsl.** af úrvali af skóm fyrir alla fjölskylduna.



bluezoo

**40% afsl.** af úrvali af sumarkjólum fyrir börn.



Mantaray

**40% afsl.** af Mantary fyrir dömur og herra.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

OPIÐ TIL 19:00 Í KVÖLD

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Leynimakk stjórnarinnar í Sýrlandi

**Stjórnarher Sýrlands er sagður hafa gert samninga við vígasveitir Íslamska ríkisins. Skjalaleki sagður staðfesta þetta. Rússar jafnvel stundum hafðir með í ráðum, að því er fram kemur í skjölunum. Loftárásir stjórnarhersins og Rússa í landinu hafa verið gagnrýndar.**

**BRETLAND** Breska sjónvarpsfréttastöðin Sky hefur undir höndum skjöl frá hinu svonefnda Íslamska ríki, eða Daish-samtökunum, sem sýna að þau hafa verið í leynilegu samstarfi við stjórn Bashars al Assad Sýrlandsforseta.

Ásakanir um slíkt samstarf hafa áður komið fram, meðal annars frá uppreisnarhópum í Sýrlandi og frá bandarískum stjórnvöldum. Þetta er þó í fyrsta sinn sem fréttastofa hefur undir höndum skjöl, sem virðast staðfesta þetta.

Skjölin sýna að Sýrlandsstjórn hafi að minnsta kosti þrisvar sinnum gert samkomulag við vígasveitir Daish-samtakanna.

Þannig hafi verið gerður viðskiptasamningur þar sem skipst yrði á olíu og áburði. Þá hafi Daish-menn fallist á að fara með vopn sín frá Palmyra. Einnig hafi verið samið um að Daish-menn myndu rýma ákveðin svæði áður en stjórnarherinn hæfi árásir á þau.

Skjölunum var lekið til fréttastofunnar og heimildarmenn úr röðum uppreisnarmanna, sem sumir voru áður í liði með Daish, hafa rætt efni þeirra við fréttamenn.

Þeir fullyrða að liðsmenn Daish og fleiri uppreisnarhópa eigi í margs konar leynimakki við stjórnarherinn, og rússneski herinn sé jafnvel hafður með í ráðum stundum.

Loftárásir bæði stjórnarhersins og Rússahers hafa verið gagnrýndar fyrir að beinast jafnt að hryðjuverkahópum íslamista sem að öðrum uppreisnarhópum, sem hófsamari þykja, og jafnvel að almenningi. Undanfarna daga hafa harðar árásir verið gerðar á borgina Aleppo, en vopnahlé í landinu hefur ekki verið virkt þar í borg. Árásirnar hafa kostað um 250 manns lífið síðustu tíu dagana.

Bæði stjórnarherinn og sveitir uppreisnarmanna hafa gert árásir á almenna borgara. Síðast í gær voru nærri 20 manns drepnir í árásum á yfirráðasvæði stjórnarhersins, þar af létu þrír lífið í árás á sjúkrahús í borginni.

Ráðamenn í Bandaríkjunum, Rússlandi og frá Sameinuðu þjóðunum hafa nú í vikunni reynt að koma á vopnahléi í Aleppo. Í gær fullyrti svo Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, að einhliða yfirlýsing stjórnarhersins um vopnahlé verði einnig látið gilda um Aleppo.

gudsteinn@frettabladid.is

**250**
**manns hafa látið lífið í árásum á borgina Aleppo í Sýrlandi síðustu tíu daga.**

**20**
**voru í gær drepnir í árásum á yfirráðasvæði stjórnarhersins.**



Mynd af Assad Sýrlandsforseta uppi á vegg í íbúð sem eyðilögð hefur verið í árásum. NORDICPHOTOS/AFP


GERÐU VINNUNA AUÐVELDARI

CITROËN



Citroën Nemo
2.550.000 kr. m. VSK
2.056.452 kr. án VSK

Citroën Berlingo
2.850.000 kr. m. VSK
2.298.387 kr. án VSK

Citroën Jumpy Langur
4.490.000 kr. m. VSK
3.620.967 kr. án VSK

CITROËN SENDIBÍLAR
HAGKVÆMIR, ÁREIÐANLEGIR OG Á GÓÐU VERÐI

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

## NORÐURLÖNDIN




## Hælisleitendur bíði með skírn

**1 DANMÖRK** Biskupar í Danmörku vilja ekki verða við ósk kirkjumálaráðherra landsins, Bertels Haarder, um að bíða með að skíra hælisleitendur sem vilja snúast til kristinnar trúar þar til hælisumsóknir þeirra hafa verið afgreiddar. Biskuparnir segja að prestar eigi að verða við ósk hælisleitenda um skírn. Ráðherrann kveðst vilja vernda hælisleitendur svo að þeir verði ekki grunaðir um að vilja skipta um trú í þeim tilgangi að fá hæli í Danmörku.

## Gera oftar aðgerð á tekjuháum

**2 NOREGUR** Ný könnun á vegum norsku krabbameinsskrárinnar sýnir að tekjuháir sjúklingar með lungnakrabbamein í Noregi eru 66 prósentum líklegri til að gangast undir skurðaðgerð heldur en tekjulágir. Greint er frá þessu í Aftenposten sem vísar í grein í ritinu International Journal of Cancer. Tölurnar sýna að meðferðin fer eftir fjölda þátta, eins og til dæmis búsetu, aldri og kyni. Jafnframt eru 28 prósent meiri líkur á að langskólagengnir gangist undir aðgerð en þeir sem eru með litla skólagöngu.

## Helmingur hlynntur banni við betli

**3 SVÍÞJÓÐ** Helmingur Svía vill bann við betli en 27 prósent eru andvíg banninu. Þetta sýna niðurstöður könnunar á vegum Sænska dagblaðsins. Sænska ríkisstjórnin hefur verið andvíg banni við betli en fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, Göran Persson, sagði nýlega í viðtali að það væri engin framtíð fyrir fólk að liggja á hnjánum úti á götu og betla. Talið er að allt að fimm þúsund manns betli á opinberum stöðum í Svíþjóð.





Kirkja serbnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Manhattan í New York í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

## Kirkjur brunnu á páskadag

**BANDARÍKIN** Þrjár kirkjur í jafn mörgum borgum brunnu á páskadegi rétttrúnaðarkirkjunnar um helgina.

Kirkjurnar, sem eru í New York, Sydney og Melbourne, eru stórskemmdar. Nokkrir meiddust en enginn fórst.

Slökkviliðsstjóri New York, Daniel Nigro, segir daginn sorgardag. „Kirkjan gjöreyðilagðist í brunanum,“ sagði hann í samtali við fréttastofu CBS, en kirkjan tilheyrði serbnesku rétttrúnaðarkirkjunni og var byggð um miðja nítjándu öld.

Kirkjan sem brann í Sydney var makedónsk og slösuðust slökkviliðsmenn við störf sín. Sú var 126 ára gömul.

Þá var kirkjan sem brann í Melbourne grísk og 115 ára gömul. Eldsupptök eru ókunn. – þea




Nokkrar breytingar urðu þegar ný stjórn Ríkisútvarpsins var kosin af Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lára Hanna aftur í stjórn RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Ný stjórn Ríkisútvarpsins var kosin á Alþingi í gær.

Ingvi Hrafn Óskarsson, Eiríkur Finnur Greipsson, Ásthildur Sturludóttir og Björg Eva Erlendsdóttir hverfa úr stjórn RÚV.

Tilnefnd af stjórnarflokkunum voru þau Heiðrún Lind Marteinsdóttir og Gunnar Sturluson.

Tilnefnd af stjórnarandstöðunni voru þau Lára Hanna Einarsdóttir og Jón Ólafsson.

Árið 2013 var Lára Hanna tilnefnd af Pírötum en henni var síðar gert að sanna hæfi sitt og þannig fór að hún tók aldrei sæti í stjórninni.

Píratar gagnrýndu atvikið harðlega og töldu stjórnarmeirihlutann vera að ganga á bak orða sinna um samkomulag um skipan stjórnar RÚV. – srs


# Ertu með góða hugmynd að viðburði fyrir Menningarnótt?

**Við ætlum að styrkja** skemmtilega og frumlega viðburði á Menningarnótt 2016 sem haldin verður 20. ágúst nk. Viðburðir hátíðarinnar fara fram á torgum, í húsasundum, görðum, galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum.

**Við úthlutun í ár verður kastljósinu beint að viðburðum tengdum Grandanum. Sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu og tekið verður vel á móti öllum umsóknum.**

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Veittir verða styrkir úr pottinum, 50-250.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Tekið er við umsóknum um styrki úr sjóðnum til og með 31. maí á www.menningarnott.is.

Nánari upplýsingar um styrki hátíðarinnar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu í síma 590 1500 og á menningarnott@reykjavik.is.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Grænt ríki



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Magn úrgangs á hvern íbúa í Reykjavík hefur dregist saman um 22 prósent á tíu árum. Flokkun hefur aukist verulega síðustu mánuði, bæði flokkun pappírs og plasts frá blönduðu sorpi.

Á sama tíma berast fréttir af því að þátttaka í grænum verkefnum hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins sé slæleg. Aðeins þrjátíu ríkisstofnanir hafa tekið þátt í stórum hvataverkefnum í umhverfismálum af alls 160 stofnunum og aðeins þrjú af átta ráðuneytum. Frá þessu var greint í Fréttablaðinu í gær þar sem fram kom að þrátt fyrir ítrekaða hvatningu halda aðeins 26 stofnanir svokallað Grænt bókhald.

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir verkefnin nú þegar hafa skilað miklum sparnaði fyrir ríkið og umhverfið. Pappírsnotkun stofnana sem skiluðu Grænu bókhaldi fyrir árið 2014 minnkaði um 29 prósent. Hún segir að ef allar stofnanir myndu minnka pappírsnotkun sína eins mikið og þær sem skiluðu Grænu bókhaldi, myndu sparast rúmlega sjötíu milljónir. Rafmagnsnotkun hefur minnkað um 13 prósent milli ára sem sparaði aðrar 57 milljónir á milli ára. Þá er auk þess mun dýrara fyrir stofnanir að senda frá sér óflokkaðan úrgang en þann flokkaða.

Í nóvember skrifuðu yfir hundrað fyrirtæki og stofnanir í Reykjavík undir yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum. Þau skuldbundu sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Þá gaf Reykjavíkurborg það út á loftslagsráðstefnunni í París fyrir áramót að hún stefni að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 35 prósent fyrir árið 2020 og um 73 prósent árið 2050.

Hlýnun jarðar er talin eitt stærsta vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. Íslenska ríkið hefur, ásamt sveitarfélögum, skuldbundið sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins frá árinu 2013 kom fram að beita ætti hvetjandi aðgerðum til að ýta undir græna starfsemi í efnahagslífinu. „Nýta ber vistvæna orkugjafa enn frekar við samgöngur. Hvatt verði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis. Brýnt er að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda, bæði með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með því að stórauka landgræðslu, skógrækt og aðra eflingu gróðurlenda,“ segir í yfirlýsingunni.

Það skýtur því skökku við að ráðuneyti og sveitarfélög séu svo aftarlega á merinni þegar kemur að grænum aðgerðum. Þó framangreind markmið ríkisstjórnarinnar séu langt í frá þau einu í stefnuyfirlýsingunni sem lítið hefur verið gert til að ná, þá vekur það furðu að þau tækifæri sem þó eru til staðar, með hvataverkefnum Umhverfisstofnunar, séu ekki nýtt.

Starfsemi og mannlíf í þéttbýli skýrir um 80 prósent orkunotkunar og koltvísýringslosunar í heiminum. Á þessum málum verður ekki tekið nema með þátttöku stærsta atvinnurekanda landsins sem er ríkið.

**Íslenska ríkið hefur, ásamt sveitarfélögum, skuldbundið sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Jöfnuðurinn 2016**

Margir ráku upp stór augu þegar ríkisstjórnin státaði af miklum jöfnuði á Íslandi sem í raun átti sér stað í tíð forvera hennar. Það var miður fyrir sitjandi ríkisstjórn að eiga ekki heiðurinn. Þó getur núverandi ríkisstjórn vafalaust eftir nokkur ár státað af því að hafa stuðlað að jöfnuði. En með Leiðréttingunni voru skuldir eignafólks jafnaðar og varpað yfir á þá skuldlausu, ungu kynslóðina, sem tekur þátt í að tryggja jöfnuðinn með því að taka að sér hærri skólagjöld, lægri námslán erlendis, færri leiguíbúðir og minni tekjuaukningu líkt og kom fram í hagspá Landsbankans í fyrradag.

**Leicester, Trump og Texas**

Í fyrradag gerðist hið ótrúlega þegar enska knattspyrnuliðið Leicester valtaði yfir menn pistlahöfundar í Tottenham og tryggði sér Englandsmeistaratitilinn. Í gærkvöldi tryggði Donald Trump sér sigur í Indianafylki í Bandaríkjunum og er orðinn svo gott sem forsetaefni Repúblikanaflokksins. Pistlahöfundi þykir þetta fyrirboði um ár hinna ólíklegu sigurvegara. Á Íslandi mun það vera einhver alþýðlegur enda Leicester mikil alþýðuborg og Trump talar munni hins venjulega alþýðumanns í Bandaríkjunum. Veðbankarnir segja á þessum bæ að Magnús Ingi Magnússon, Texas Maggi, gæti verið hlutskarpi alþýðumaðurinn. stefanrafn@frettabladid.is

# Kyrking og eyðing í Mývatnssveit



Ómar Þ. Ragnarsson
sjónvarpsmaður

SOS, þetta er neyðarkall. Það stendur yfir kyrking einstæðs og heimsfrægs lífríkis Mývatns og hún er komin vel á veg. Og það er stórfelld virkjanasókn með tilheyrandi umhverfis- og náttúruspjöllum austan og norðan vatnsins á teikniborðunum. Kyrking er oft hljóðlát. Þessi kyrking hefur líka verið hljóðlát en markviss í áratugi. Aðra niðurstöðu er erfitt að draga af skelfilegri hnignun einstæðs lífríkis vatnsins, þótt þetta líflát hafi fengið að viðgangast vegna þess að kröfunni um að náttúran sé látin njóta vafans hefur í bráðum hálfa öld verið snúið við.

Sótt hefur verið að vatninu og nágrenni þess úr þremur áttum. Fyrst með Kísiliðjunni og séð fyrir framgangi hennar með því að gera það ævinlega að stórfrétt dagsins, þegar minnstu merki hefur mátt sjá um að starfsemi hennar gæti lagst niður, hrópað úlfur! úlfur! – mannlíf og byggð í Mývatnssveit í hættu! Síðan var Kísiliðjan lögð niður af markaðsástæðum, úlfurinn kom aldrei og það þótti ekki nein frétt. En í stað Kísiliðjunnar komu aðfarir að þessari heimsperlu úr tveimur áttum. Ferðamannasprenging og virkjanaæði. Annars vegar margfaldur ferðamannastraumur og umsvif við vatnið án þess að séð verði að neitt hafi verið gert til að verja lífríki þess. Hver hefur bent á annan. Allir uppteknir við að græða án þess að neinu sé kostað til varnaraðgerða gegn umhverfisáhrifum. Hins vegar ekki minni aðför að lífríki og einstæðri jarðfræðilegri náttúru Mývatnssveitar í formi áforma um 90 megavatta jarðvarmaorkuvers rétt austan við austurbakka vatnsins og stórfellda stækkun Kröfluvirkjunar með sókn virkjana inn á Leirhnjúks-Gjástykkissvæðið. Það er svæði sem á engan sinn líka á jörðinni, heldur ekki hér á landi.

Mat á umhverfisáhrifum þessara virkjana, sem búið er að gera fyrir Landsvirkjun, er hræðilegra en tárum taki vegna þess hvernig að verki er staðið. Já, þetta er Ísland í dag: „Fólk dreymir um fé og frama / í ferlegu umhverfisdrama / með eyðingu og aðför / við alvaldsins fótskör / og öllum er andskotans sama.“ SOS – þetta er neyðarkall. Svipað neyðarkall var sent í grein í Fréttablaðinu fyrir fjórum árum. Heyrir enginn? Hlustar enginn? Á þetta að vera svona áfram?

**Mat á umhverfisáhrifum þessara virkjana, sem búið er að gera fyrir Landsvirkjun, er hræðilegra en tárum taki vegna þess hvernig að verki er**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um hvað þarf samstöðu nú?



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Síðustu vikur hefur tjöldunum verið svipt frá veruleika sem við trúðum ekki að væri jafn alvarlegur og raun ber vitni: Valdamesta fólk atvinnulífsins og stjórnmálanna hefur efnast á okkar kostnað og flutt svo verðmætin burt og komið þeim undan skatti eða eftirliti.

Þjóðin þarf að breyta um stefnu. En skoðanakannanir valda alvarlegum áhyggjum: Fylgi Pírata heldur áfram að dragast saman, VG dalar á nýjan leik eftir uppsveiflu, Samfylkingin stendur pikkföst og Björt framtíð er rétt yfir þröskuldinum til að ná manni á þing. Stjórnarflokkarnir styrkjast. Okkur hefur mistekist að ná frumkvæði og skapa trúverðugleika leið áfram.

Það er mikill vilji í stjórnarandstöðunni að stilla saman strengi. En það er ekki nóg að stilla okkur saman upp á fallegri hópmynd – nú eða finna jafnvel ný andlit í stað þeirra eldri til að fríska upp á þá mynd. Reynslan segir okkur nefnilega að lykillinn að sigri umbótaafla felst í því að fólk sameinist um afmörkuð meginmarkmið, með stefnu sem virkar og tengist daglegum veruleika fólks. Á þessu byggðist til dæmis hugmyndin um Reykjavíkurlistann.

**Atvinnulíf í þágu venjulegs fólks**

Við í stjórnarandstöðunni getum ekki vænst þess að ná tiltrú kjósenda nú, nema að við setjum fram skýr meginmarkmið sem allir sameinast um og þjóðin veit að verða fyrst á dagskrá. Við þurfum að mínu viti að sameinast um nýjar reglur efnahagslífsins, þar sem hagsmunir venjulegs fólks en ekki bólugróði verður settur í öndvegi. Við þurfum framleiðniaukningu, enda vinnum við lengur fyrir lægri laun en aðrar Norðurlandaþjóðir og ungt fólk ber minna úr býtum hér en í grannlöndunum. Við þurfum efnahagslegan stöðugleika, lækkun vaxta og opnun landsins fyrir samkeppni, en ekki efnahagsstefnu í þágu atvinnugreina sem hirða arðinn af auðlindum landsins. Við þurfum ekki meiri einkavæðingu, eins og forysta SA boðar nú. Við þurfum þvert á móti stuðning við grunnstoðir opinberrar velferðarþjónustu – heilbrigðiskerfi og menntakerfi sem rekið er fyrir almennt skattfé.

**Annarra manna fé**

Voldugustu öflin í íslensku efnahagslífi hafa um áratugi auðgast á opinberri aðstöðu, aðgangi að upplýsingum eða tækifærum sem ráðandi öfl hafa búið til með tökum sínum á ríkisvaldinu. Ég hef áður rakið hvernig handvaldir menn fengu einir að eiga viðskipti við Varnarliðið og rukka fjórfaldan raunkostnað athugasemdalaust, fengu að vita um gengisfellingar á undan öðrum og eiga viðskipti á gamla genginu og fengu forgang að kaupum á ríkiseignum. Bjarni Benediktsson vitnaði um daginn til Margrétar Thatcher sem sagði að vandamálið við sósíalismann væri að á endanum þryti annarra manna fé. Þess vegna er snilld Bjarna og félaga þeim mun meiri: Á Íslandi hafa ráðandi ættir og öfl fundið eilífðarvél sem tryggir þeim auðlegð skapaða af annarra manna fé, mann fram af manni.

**Uppbygging opinberrar þjónustu**

En það hefur líka verið gengið með skipulegum hætti á opinbera kerfið, til hagsbóta fyrir einkarekna samkeppnisaðila. Nú nýverið skrifuðu nærri 90 þúsund Íslendingar nafn sitt undir kröfu um endurreisn heilbrigðiskerfisins og ég held að það sé óhætt að fullyrða að fátt sameini okkur meira en viljinn til að hafa opinbera heilbrigðisþjónustu sem veitt er án tillits til efnahags. En við fundum það út í kjölfar hruns að kerfið er allt skekkt í þágu einkarekstrar. Þegar draga þurfti saman í ríkisútgjöldum reyndust framlög til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu bundin í samningum og niðurskurður hjá hinu opinbera gat bara bitnað á hinu opinbera kerfi. Þannig lentum við í þeirri fráleitu stöðu að framlög til opinbera heilbrigðiskerfisins drógust saman um á annan tug prósenta eftir hrun, á sama tíma og aukning varð á greiðslum til sérgreinalækna.

**Vilja námsmenn skulda GAMMA?**

Af þessari reynslu verðum við að læra og gæta þess að sömu reglur gildi um alla opinbera þjónustu, svo við endum ekki með að kæfa það sem við helst vildum hlúa að. Annað dæmi sjáum við nú í uppsiglingu: Fréttir berast af því að ríkisstjórnin stefni að því að draga saman réttindi námsmanna til námslána. Það verður erfiðara að fara utan í nám og það verður erfiðara að ljúka löngu námi, eins og doktorsnámi, á opinberum námslánum. Á sama tíma sjáum við GAMMA setja á fót námslánasjóð, sem býður námsmönnum lán á markaðslegum forsendum með 8,75% vöxtum! Nú þegar hefur þessi ríkisstjórn útilokað fólk yfir 25 ára frá bóknámi í framhaldsskólum og í staðinn fyrir lág skráningargjöld þarf fólk að greiða jafnvel á þriðja hundrað þúsund í skólagjöld á frumgreinabrautum einkaskóla.

Aðferðafræðin er ávallt sú sama: Það er þrengt að ódýrri opinberri þjónustu og biðlistar eru látnir um að skapa þörf fyrir einkarekstur við hliðina.

**Sameinumst um stóru málin**

Þessi mál eru mikilvægust, nú þegar kemur að kosningum og að mynda nýja ríkisstjórn. Góð mennta- og heilbrigðisþjónusta sem allir hafa efni á er undirstaða lítils samfélags. Og reglur atvinnulífs sem tryggja okkur hámarksverðmæti og arð af auðlindum í þágu þjóðar, en ekki í þágu fárra. Ekkert skiptir meira máli en þetta.

REYKJAVÍKURBORG

Byggingarréttur með útsýni




Vesturbugt - nýjar lóðir við höfnina



Reykjavíkurborg óskar eftir umsóknum um þátttöku í samkeppnisviðræðum vegna sölu byggingarréttar og uppbyggingar á lóðum 03 og 04 við Hlésgötu í Vesturbugt.

Staðsetning miðsvæðis sem og útsýni yfir höfnina og til Esjunnar gerir svæðið eftirsóknarvert.

Kaupandi byggingarréttar fær heimild til að hanna og byggja um 170 - 176 íbúðir og atvinnuhúsnæði sem staðsett verður á jarðhæðum bygginganna.

Reykjavíkurborg áformar að kaupa um 74 íbúðir samkvæmt tilboði bjóðanda og einnig bílageymslur undir húsunum fyrir 170 bíla sem rekin verða af Bílastæðasjóði Reykjavíkur. Íbúðir, sem Reykjavíkurborg kaupir, skulu afhentar tilbúnar til innréttingar. Hús að utan, lóðir og bílageymslur afhendast fullbúnar.

**Kynningarfundur verður haldinn miðvikudaginn 11. maí kl. 16.00**
**í fundarsalnum Vindheimum, Borgartúni 12 - 14, 7. hæð.**

Gögn og nánari upplýsingar á reykjavik.is/vesturbugt

Frestur til að skila umsóknum er til kl. 10:00 þann 2. júní 2016.

Reykjavíkurborg | Ráðhús Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/vesturbugt | s. 411 11 11

# SUMARHÁTÍÐ




Borð nú 119.920 kr.

Stóll nú 23.920 kr.



**Vigo-borð.** Steypt borð. 90 x 200 cm. 149.900 kr. Nú 119.920 kr.
**Cape town-stóll.** Stóll með sessu. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.

Nú 10.320 kr.



**Costa-stóll.** Svartu, hvítur eða blár úr plasti.
12.900 kr. Nú 10.320. kr.

Nú 11.595 kr.



**Summer-eldstæði.**
75 cm. 16.900 kr. Nú 11.595 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Nú 11.920 kr.



**Saga-sólstóll.** Stillanlegur sólstóll. 14.900 kr. Nú 11.920 kr.

Nú 79.920 kr.



**Langkawi-legubekkur** með sessum. 90 x 180 cm. 99.900 kr. Nú 79.920 kr.

Nú frá 14.320 kr.



**Heimdal-sófaborð.** Steypt borðplata og fætur úr eik.
40 cm. 17.900 kr. Nú 14.320 kr. 50 cm. 24.900 kr. Nú 19.920 kr.
60 cm. 34.900 kr. Nú 27.920 kr.

Nú 19.920 kr.



**Copenhagen-stóll.** 5 mismunandi litir. Plastseta með viðarfótum. 24.900 kr. Nú 19.920 kr.

Nú 207.920 kr.



**Summer-sófasett.** Tveir sófar, geymslukassi og borð með geymslu. 259.900 kr. Nú 207.920 kr.

## Frí heimsending
## á höfuðborgarsvæðinu

ef verslað er fyrir 45.000
eða meira og greitt í dag

sendum um allt land

# Dagskrá

Lukkuhjól fyrir þá
sem versla

Grillaðar pylsur,
gos/svali milli kl. 17-20

Bylgjan verður á staðnum
og gefur glaðning
frá kl. 17

Valdís verður á staðnum
frá kl 17



## Glaðningur frá ILVA

Fyrstu 100 sem
versla fá
veglega
sumargjöf.

Nú 11.920 kr.



**Cultiva-blómatröppur.** 3 þrep. 14.900 kr. Nú 11.920. kr.




**NÝR BÆKLINGUR WWW.ILVA.IS**

TILBOÐ
*Mozzarella beygla*
*Verð 1.195 kr.*
**Nú 895 kr.**



AFGREIÐSLUTÍMI Á KAFFIHÚSI
Mán. - Fös. 12 - 18, Lau. og Sun. 12 - 17:30

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# Leiðin áfram er aukið norrænt samstarf

Ólína Kjerulf Þorvarðardóttir
Phia Andersson, Svíþjóð
Sonja Mandt, Noregi
Henrik Dam Kristensen, Danmörku
Maarit Feldt-Ranta, Finnlandi
stjórn Jafnaðarmanna í Norðurlandaráði

Í meira en 60 ár hefur Norðurlandaráð stuðlað að auknu samstarfi og samstöðu norrænu þjóðanna með þeim óumdeilda árangri að í dag eru samfélög Norðurlandanna allra talin einhver þau farsælustu í heiminum, hvort sem horft er til efnahags, umhverfis eða félagslegs réttlætis. Mikilvægur þáttur í þessum árangri hefur verið sameiginlegur vinnumarkaður landanna, náið samstarf stjórnvalda og stöðug vinna og viðleitni við að ryðja úr vegi öllum mögulegum hindrunum sem skapast vegna mismunandi löggjafar og landamæra þessara sjálfstæðu ríkja.

Mismunandi viðbrögð Norðurlandanna við stórauknum fjölda flóttamanna hafa haft alvarlegri og neikvæðari áhrif á samstarf landanna í þessum efnum en áður hefur þekkst. Í fyrsta sinn í meira en 60 ár þurfa ríkisborgarar Norðurlandanna að framvísa vegabréfum á ferðum sínum innan Norðurlandanna.

**Samstarf um betri aðlögun**

Þessi alvarlega staða var til umræðu á fundi Norðurlandaráðs í Ósló í síðustu viku þar sem jafnaðarmenn lýstu þeirri eindregnu afstöðu sinni, að núverandi ástand væri óásættanlegt og úr því yrðu ríkisstjórnir landanna að greiða hið snarasta í anda þess góða samstarfs sem Norðurlöndin hafa haft um áratuga skeið.

Jafnaðarmenn kölluðu einnig eftir stórauknu samstarfi um betri aðlögun innflytjenda og sameiginlegum aðgerðum Norðurlandanna, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og Norðurlandanna, vegna aukins fjölda flóttamanna. Að mati jafnaðarmanna í Norðurlandaráði er slíkt náið samstarf ríkjanna eina raunhæfa leiðin til takast á við verkefnið með farsælum hætti. Hið sama á einnig við um baráttuna gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði, skattaskjólum og skattaundanskotum, sem eru mál sem jafnaðarmenn lögðu áherslu á, á fundum Norðurlandaráðs í Ósló.

**Norðurlöndin fremst í baráttunni gegn skattaskjólum**

Velferðarsamfélög Norðurlanda byggja á samfélagslegri sátt um skattgreiðslur allra. Þannig hefur okkur tekist að byggja upp fyrirmyndarsamfélög þar sem stöðugleiki, öryggi og jöfnuður ríkir. Enn á ný hafa uppljóstranir á gögnum um alþjóðleg skattaskjól sýnt og sannað að fjöldi fyrirtækja og einstaklinga skýtur sér undan samfélagslegri ábyrgð og svíkur undan skatti. Panamaskjölin sem hlotið hafa verðskuldaða alþjóðlega athygli eru nýlegasta dæmið þar um. Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja mikilvægt að berjast gegn skattsvikum á heimsvísu. Við hvetjum ríkisstjórnir Norðurlandanna til að sameina krafta sína til að vinna gegn skattsvikum og til að leiða þá baráttu á alþjóðavettvangi.



**Velferðarsamfélög Norðurlanda byggja á samfélagslegri sátt um skattgreiðslur allra.**

**Norðurlandaráð gegn félagslegum undirboðum**

Á fundi sínum í Ósló samþykkti Norðurlandaráð að hvetja ríkisstjórnir Norðurlandanna til að gera úttekt á því hvort og þá hvernig breytt vinnuskilyrði í flugsamgöngum hefðu áhrif á öryggi í flugi. Jafnaðarmenn, sem lögðu fram tillögu um málið, telja að það ógni flugöryggi hvernig fleiri og fleiri flugfélög segja sig frá hefðbundnum ráðningarskilmálum og réttindum sem gilt hafa á vinnumarkaði á Norðurlöndum en ráði þess í stað ódýrt vinnuafl á verri kjörum.

**Sjö nýjar tillögur um aukið norrænt samstarf**

Á fundinum í Ósló kynntu jafnaðarmenn einnig sjö nýjar tillögur um aukið og nánara samstarf Norðurlandanna á ýmsum sviðum. Tillögurnar fjalla m.a. um samstarf landanna um aðgerðir til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins í loftslagsmálum; aukið samstarf til að minnka matarsóun; samræmingu og samráð skóla um leiðir til að tryggja góða móttöku barna á flótta; sameiginlega stefnumótun í málefnum heyrnarskertra; samstarf um rannsóknir og aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum; og aukið vægi ungs fólks í starfi og stefnumótun Norðurlandaráðs.

Nánari upplýsingar má nálgast um tillögurnar á heimasíðu jafnaðarmanna í Norðurlandaráði, www.s-norden.org Tillögurnar verða allar teknar til meðferðar á vettvangi Norðurlandaráðs á komandi vikum og mánuðum.

# Að lokinni jarðhitaráðstefnu



Bjarni Bjarnason
forstjóri OR

Nú er nýafstaðin alþjóðlega jarðhitaráðstefnan Iceland Geothermal Conference. Þetta var sú þriðja í röðinni og hana sóttu um 700 manns frá um 50 löndum. Skipulag, efnistök og öll umgjörð var til fyrirmyndar og vil ég fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur þakka Íslenska jarðhitaklasanum og klasastjóranum Gekon fyrir fagmannlega vinnu.

Við verðum áþreifanlega vör við það á þingum sem þessu hve lánsöm við erum að njóta jarðhitans. Við finnum það líka hversu mikil framsýni var í því fólgin að nýta hann með þeim hætti sem við höfum gert. Þar eru hitaveiturnar okkar einstakar. Orkan í hitaveitum landsins er þvílík að ef þeirra nyti ekki við dygði allt rafmagn sem framleitt er í landinu varla til að kynda íslensk hús á köldum degi.

Ef við teljum að án hitaveitnanna myndum við bara kynda með rafmagni, þá myndi það útheimta að í kuldaköstum væri ekkert rafmagn aflögu í nokkuð annað, hvorki álver, loðnubræðslu, gróðurhús eða rafmagnsbílinn og við þyrftum líklega að slökkva ljósin í húsunum okkar líka. Svo yrði kostnaðurinn margfaldur eins og þeir vita sem þurfa að kynda með rafmagni.

Það er því ekki að undra að baráttufélagar okkar gegn hlýnun jarðar víða um heim sæki okkur heim til að kynna sér hvernig hægt er að miðla þvílíkri ofurorku til samfélaga með sjálfbærum og hagkvæmum hætti.

**Viljum vera bakhjarl**

Það má spyrja hvað Orkuveita Reykjavíkur og dótturfyrirtækin Veitur og Orka náttúrunnar eru að gera á svona ráðstefnu því ekki erum við að sækja á erlenda markaði. Okkur finnst það ljúf skylda að upplýsa fróðleiksfúsa milliliðalaust um þau lífsgæði sem jarðhitinn hefur fært okkur, hvaða erfiðleikum við höfum mætt og hvernig við höfum greitt úr þeim. Í samtali við alþjóðlegt áhugafólk um jarðhitann og nýtingu hans á ráðstefnunni lærðum við líka margt. Rétt eins og við miðluðum mistökum okkar (sem við köllum vitaskuld reynslu á ráðstefnum sem þessari) fengum við kost á að læra af mistökum annarra. Það er alla jafna ódýrara en að þurfa að gera þau sjálf. Með þátttökunni viljum við líka vera bakhjarl þeirra fjölmörgu íslensku jarðhitafyrirtækja sem eru að hasla sér völl í útlöndum og hafa mörg hver öðlast sína þekkingu og reynslu í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækin.

Á ráðstefnunni nú í ár fannst mér sérstaklega vænt um að gestum okkar þótti ekki bara talsvert til jarðhitanýtingarinnar koma. Átak okkar Orkuveitufólks í jafnréttismálum vakti talsverða athygli. Það er nefnilega víðar en hér á landi að orku- og veitufyrirtæki eru tiltölulega einsleitir vinnustaðir sem fara þá á mis við kosti þess að karlar og konur starfi hlið við hlið og njóti sömu kjara. Við þurfum fleiri konur til starfa og sérstaklega í þeim starfsgreinum þar sem þær eru fæstar, í iðn- og tæknistörfunum. Samstarf OR, Veitna og Orku náttúrunnar við Árbæjarskóla vakti athygli en í vetur hafa átta strákar og átta stelpur verið í valáfanga sem kenndur er hjá okkur á Bæjarhálsinum og krakkarnir kynnast góðu handverki af okkar flinkasta fólki.

Það var augljóst af ráðstefnunni að orkukerfin í heiminum eru að breytast enda verða þau að gera það. Jarðhitinn kemur þar víða við sögu en þær breytingar gefa fyrirtækjunum líka kost á að innleiða fleiri breytingar samhliða, til dæmis að jarðhitabransinn verði jafnréttisbransi. Hann er sjálfbærari þannig.

# Má ekki ræða öll mál leiðsögumanna?



Jakob S. Jónsson
leiðsögumaður

**Það er augljóslega eitt mál, sem stjórn Félags leiðsögumanna vill ekki að sé rætt, hvort sem er innan eða utan félags: það mál varðar eðli og hlutverk hins svokallaða fagfélags.**

Ég hef á þessum vettvangi fjallað nokkuð um málefni Félags leiðsögumanna í þeirri von að eitthvað af þrennu myndi gerast: í fyrsta lagi að leiðsögumenn fengju þann samastað í tilverunni sem gæti eflt stéttarvitund þeirra og staðið vörð um kjör þeirra, í öðru lagi að Félag leiðsögumanna endurskoðaði afstöðu sína til leiðsögunáms og leiðrétti ýmsar rangfærslur um „viðurkennda námskrá“ sem til þessa hafa spillt fyrir samstöðu leiðsögumanna og í þriðja lagi að félagið yrði áberandi aðili að mótun farsællar stefnu í ferðaþjónustu – ekki veitir af góðum kröftum í þá vinnu þegar ferðamönnum fjölgar jafn hratt og raunin er og þörf er á markvissu átaki svo ferðaþjónustan megi vaxa að metnaði og gæðum.

En einhverra hluta vegna hefur allt sem ég hef sagt og gert farið algerlega öfugt ofan í stjórn Félags leiðsögumanna. Stjórn félagsins hefur ekki látið svo lítið að svara ábendingum mínum – og annarra – um það sem betur mætti fara, hún hefur ekki með einu orði svarað eða tekið undir gagnrýni mína á afstöðu félagsins til leiðsögunáms og þeirra réttinda sem það veitir eða veitir ekki og þegar kemur að því að ræða á aðalfundi þess um þessi mikilvægu mál þá eru þau einfaldlega slegin af borðinu með gerræði og valdníðslu fundarstjóra og ekki verður annað skilið af athugasemd sem stjórn FL birtir á heimasíðu félagsins en að sú valdníðsla sé bara í góðu lagi!

Ég hef skrifað bréf þar sem ég bið um að stjórn FL boði til framhaldsaðalfundar svo leiðrétta megi það sem miður fór í fundarstjórn; við því bréfi hefur ekkert svar borist. Stjórn FL virðist því ætla að brjóta á afgerandi hátt gegn lögum síns eigin félags, félagslögum og fundarsköpum. Því verður auðvitað ekki unað. Það á erindi við alla leiðsögumenn, sem og almenning, sem lætur sig varða framkomu aðila í ferðaþjónustu.

Það er fróðlegt að lesa fyrrnefnda athugasemd stjórnar FL á heimasíðunni; áhugasamir geta nálgast hana á vefslóðinni www.touristguide.is. Fyrirsögnin er „Andsvar við ásökun um valdníðslu FL“ og ég er í athugasemdinni sakaður um að finna „félaginu margt til foráttu“ ásamt því að hafa ýjað að því að „stjórn félagsins hafi beitt valdníðslu á fundinum“. Síðan er því lýst yfir að stjórn FL telji ekki að frekar þurfi að fjalla um þetta mál í fjölmiðlum og að ræða megi öll málefni leiðsögumanna á fundum sem boðað er til í nafni félagsins.

**Beitir óátalið gerræði**

Það er einkennilegur umræðuvilji þegar fundarstjóri aðalfundar beitir óátalið gerræði til að slá umræðu um hagsmunamál út af borðinu. Það er sömuleiðis undarlegur umræðuvilji sem kemur fram í því að bera skoðanir upp á viðmælendur sína, en það gerir stjórn FL óhikað. Það getur hver séð, sem les greinar mínar, sem birst hafa hér í Fréttablaðinu (25. febrúar, 17. mars og 6. apríl) að ég er aldeilis ekki að finna félaginu eitt eða neitt „til foráttu“. Ég hef þvert á móti talið nauðsynlegt að efla það og þar með styrkja samstöðu heildar leiðsögumanna. Ég tala heldur hvergi í grein minni um „valdníðslu stjórnar“. En stjórn Félags leiðsögumanna telur í lagi að snúa út úr orðum mínum, rangfæra og fara með ósannindi í stað þess að beita málefnalegum rökum um það sem efnið varðar – félagsaðild á grundvelli jafnréttis og hagsmunabaráttu fyrir heildina.

Auðvitað ræður stjórn Félags leiðsögumanna ein með hvaða sæmd hún vill taka á málefnum sem félagsmenn vilja taka upp á fundum félagsins. Því ræður enginn annar! Í formannspistli sem birtist á heimasíðu FL að loknum aðalfundi sá formaður þess ástæðu til að orða umræðuviljann á eftirfarandi hátt: „Það var hart sótt að félaginu með róttækri lagabreytingartillögu og sýndu fundarmenn með afgerandi hætti hvaða hug þeir bera til slíkra aðfara.“ Þetta er í stjórnarpistlinum kallað að „ræða megi öll málefni leiðsögumanna á fundum sem boðað er til í nafni félagsins“.

Það er augljóslega eitt mál, sem stjórn Félags leiðsögumanna vill ekki að sé rætt, hvort sem er innan eða utan félags: það mál varðar eðli og hlutverk hins svokallaða fagfélags. Það er nefnilega sérhagsmunafélag sem miðar að því að varðveita hagsmuni sumra. Það má ekki draga fagfélagið í efa, jafnvel þótt aðeins sé verið að tala um að Félag leiðsögumanna veiti öllum starfandi leiðsögumönnum félagsaðild á jafnréttisgrundvelli og berjist fyrir hagsmunum heildarinnar.

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

# TAX FREE

# ÖLL REIÐHJÓL

## HEFST Í DAG!

AUTHOR

**OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI**

AUTHOR

**EVRÓPSKT GÆÐAMERKI Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI!**



**AUTHOR VECTRA 26"**
8 gíra Shimano Revoshift.
þyngd 16,1 kg með fjöðrun
3901307

TAX FREE
**32.180 kr**
~~39.900 kr~~

**AUTHOR TROPHY 26"**
18 gíra Shimano skipting.
þyngd 16,3 kg með fjöðrun
3901306

TAX FREE
**32.180 kr**
~~39.900 kr~~

Skoðaðu úrvalið á husa.is



TAX FREE
**30.566 kr**
~~37.900 kr~~

**AUTHOR MELODY 20"**
6 gira Shimano Revoshift skipting.
Tektro bremsur
3901312

TAX FREE
**30.566 kr**
~~37.900 kr~~

**AUTHOR ENERGY 20"**
10"Hi-ten grind.
6 gira Shimano Revoshift skipting. Tektro bremsur 855.
3901310/11

TAX FREE
**35.995 kr**
~~43.900 kr~~

**AUTHOR MATRIX 24"**
18 gira Shimano Revoshift skipting,
Tektro bremsur 855AL
3901305/13

*Tax free gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Tax Free tilboð jafngildir 19.35% afslætti. Gildir miðvikudag til sunnudags.

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is




Jóhannes Karl skoraði átta mörk fyrir Leicester í B-deildinni 2006 og var kjörinn besti leikmaður tímabilsins hjá félaginu að því loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Mín bestu ár voru í Leicester

**Jóhannes Karl Guðjónsson gat alls ekki séð fram á svona góða tíma hjá Leicester þegar hann spilaði fyrir nýkrýnda Englandsmeistarana fyrir áratug.**

**FÓTBOLTI** „Mín bestu ár í fótboltanum voru hjá Leicester. Þar spilaði ég minn besta bolta og ég naut þess virkilega að vera þarna,“ segir Jóhannes Karl Guðjónsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í fótbolta, í viðtali við Fréttablaðið. Jóhannes Karl og vinur hans, Arnar Gunnlaugsson eru einu Íslendingarnir sem hafa spilað fyrir nýkrýnda Englandsmeistara Leicester.

Jóhannes Karl sá ekki leikinn á mánudagskvöldið þegar Tottenham kastaði endanlega frá sér titildraumunum og veisluhöldin hófust í Leicester. Þau toppast væntanlega um helgina þegar Leicester fær bikarinn afhentan eftir leik gegn Everton.

### Mikill Leicester-maður

„Þetta er alveg magnað og varla að maður trúi þessu enn þá. Þetta er svona alveg að koma og það verður bara frábært að sjá þegar þeir fá bikarinn afhentan. Þá held ég að maður fatti fyrst fyrir alvöru að þeir eru búnir að vinna ensku úrvalsdeildina. Þetta er alveg ótrúlegt,“ segir Jóhannes Karl sem gleðst sérstaklega fyrir hönd stuðningsmannanna sem hafa þurft að horfa upp á ýmislegt undanfarin ár.

„Ég hafði mjög gaman af því að spila fyrir Leicester og ég naut þess virkilega að vera þarna. Stuðningsmenn Leicester eru mjög sérstakt og skemmtilegt fólk. Það hefur stutt þennan klúbb alveg í gegnum súrt og sætt. Það er alltaf til í að mæta á leiki og fjölmennir á völlinn. Ég tel mig vera mikinn Leicester-mann og ekki skemmir fyrir þessi árangur núna. Það eykst bara við þetta.“

### Ómögulegt að sjá þetta fyrir

Jóhannes Karl kom til Leicester sumarið 2004 en þá var liðið nýfallið í B-deildina eftir eins árs dvöl á meðal þeirra bestu. Það var í næstefstu deild í fjögur ár en féll svo niður í C-deild. Alls dvaldi Leicester í tíu tímabil í B-deildinni áður en það komst aftur upp. Sjö tímabil liðu á milli þess að liðið var í C-deild og það varð Englandsmeistari.

„Þegar ég yfirgef félagið 2006 voru ekki bjartir tímar fram undan. Þá voru fjárhagsörðugleikar, lítið til af peningum og félagið í skuldum. Þetta leit ekkert vel út þannig að maður hefði alls ekki trúað því að eftir tíu ár væru þeir orðnir Englandsmeistarar. Þeir hafa verið að falla og fóru niður í C-deildina um tíma,“ segir Jóhannes Karl, en hvernig fór liðið eiginlega að þessu?

„Þetta er ótrúlegt ævintýri en líka hvati fyrir þessi svokölluðu litlu lið. Þau sjá að það er hægt að ná árangri þrátt fyrir að vera ekki alltaf með bestu fótboltamennina og þá dýrustu. Snilldin finnst mér að Ranieri hefur náð að búa til ótrúlega liðsheild og skapað stemningu sem fær leikmenn til að trúa á það sem er verið að gera. Þeir trúa á verkefnin, leikskipulagið, leikstílinn. Þegar þú færð leikmenn, áhorfendur og alla í kringum félagið til að trúa á hlutina þá er allt hægt,“ segir Jóhannes Karl Guðjónsson. Lengri útgáfu af viðtalinu með myndbandi má finna á íþróttasíðu Vísis. tomas@365.is

## Nýjast

**Olís-deild karla í handbolta**

**Valur - Afturelding 24-25**

**Valur:** Sveinn Aron Sveinsson 7/2 (9/3), Vignir Stefánsson 6 (9), Guðmundur Hólmar Helgason 4 (11), Geir Guðmundsson 2 (7).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 17/1 (41/4, 41%).
**Afturelding:** Árni Bragi Eyjólfsson 6/4 (8/4), Pétur Júníusson 4 (6), Mikk Pinnonen 4 (10), Guðni Már Kristinsson 4 (10), Þrándur Gíslason 3 (4.).
**Varin skot**: Davíð Hlíðdal Svansson 22/1 (46/3, 48%).

Afturelding er komin í úrslitaeinvígið gegn Haukum. Leikurinn var framlengdur. Davíð Svansson í marki Aftureldingar var hetjan.

**Meistaradeild Evrópu í fótbolta**

**Bayern - Atletico 2-1**

1-0 Xabi Alonso (31.), 1-1 Antoine Griezmann (53.), 2-1 Robert Lewandowski (74.).

Atletico er komið í úrslit, þökk sé útivallarmarkinu í Þýskalandi.

SJÁUMST Á NÆSTA ÁRI
Það er ekkert fararsnið á Louis van Gaal, knattspyrnustjóra Manchester United, þrátt fyrir þrálátan orðróm og fréttir þess efnis að Hollendingurinn verði látinn fara eftir tímabilið og José Mourinho taki við.
Van Gaal sendi ársmiðahöfum Manchester United bréf þar sem hann hvetur þá til að endurnýja miðana fyrir næsta tímabil.
„Það er mitt helsta markmið að vinna titla fyrir stuðningsmennina og sérstaklega ykkur sem mætið á leikina í hverri viku. Það vinna allir hörðum höndum að því að koma félaginu aftur á þann stall sem það á að vera. Ykkar hjálp er ómetanleg og leikmennirnir kunna vel að meta hana,“ segir Van Gaal.
„Ég skrifaði undir þrjú ár þannig að við sjáumst á næsta ári.“

RONALDO KLÁR Í SLAGINN
Cristiano Ronaldo er klár í slaginn með Real Madrid fyrir seinni leik liðsins gegn Manchester City í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta í kvöld.
Ronaldo hefur misst af síðustu þremur leikjum Real Madrid vegna meiðsla í læri, þar á meðal markalausu jafntefli spænska liðsins gegn Manchester City á Etihad-vellinum í síðustu viku.
Þetta eru augljóslega frábærar fréttir fyrir Real Madrid sem þarf að vinna leikinn til að komast áfram. Markajafntefli kemur City áfram á útivallarmarkareglunni.
Ronaldo tók fullan þátt í æfingu Real Madrid í gær og Zinedine Zidane, þjálfari Real Madrid, staðfesti við fréttamenn eftir hana að Ronaldo myndi taka fullan þátt í leiknum á miðvikudagskvöldið.
„Cristiano er klár. Hann er 100 prósent klár. Hann æfði í morgun og verður klár á morgun,“ sagði Zinedine Zidane.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Real M. - Man. City | Sport |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport |
| 00.00 | Cleveland - Atlanta | Sport |

**Umspil Olís-deildar karla**
**19.30** Fjölnir - Selfoss



VERÐ FRÁ 742,- kr. m/afslætti

25% AFSLÁTTUR

**AFSLÁTTUR GILDIR AÐEINS Í DAG – 4. MAÍ**

# 20–30% AFSLÁTTUR
## AF SÓFUM & STÓLUM

# 25% AFSLÁTTUR
## AF ÖÐRUM VÖRUM

VERÐ FRÁ 1.192,- kr. m/afslætti




the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880










**OPIÐ 10.00–22.00**
**Í KVÖLD Á KORPUTORGI**



Erum á Facebook • www.pier.is



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Sigrún Karlsdóttir**
lést á elliheimilinu Grund
síðastliðinn sunnudag.

**Karl Stefán Hannesson** | **Emilía Kjærnested**
**Ásthildur Hannesdóttir** | **Baldur Ellertsson**
**Lilja Hannesdóttir** | **Stefán Þorleifsson**
**María Sigrún Hannesdóttir**
**Gunnar Þór Hannesson**
**Hannes Alfreð Hannesson**



Ástkær faðir okkar,
**Oddur G. Jónsson**
rafvirkjameistari,
lést á dvalarheimilinu Grund
mánudaginn 2. maí.
Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Jóna Guðrún Oddsdóttir**
**Gunnar Örn Oddsson**
**Elín Jakobína Oddsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
**Ásdís Erla Gunnarsdóttir Kaaber**
lést 30. apríl 2016
á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 6. maí kl. 15.

**Jón Magngeirsson** | **Margrét Snorradóttir**
**Ástríður Sigvaldadóttir** | **Kristinn Páll Ingvarsson**
**Þórarinn Sigvaldason** | **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Kristinn Sigvaldason** | **Guðrún Jóhannesdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug við andlát og útför
okkar ástkæra föður, tengdaföður,
afa og langafa,
**Hafsteins Ágústssonar**
frá Varmahlíð, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hraunbúða
og Sjúkrahúss Vestmannaeyja fyrir frábæra umönnun
og hlýjan hug.

**Sara Hafsteinsdóttir** | **Þórólfur Guðnason**
**Svava Hafsteinsdóttir** | **Ólafur H. Sigurjónsson**
**Aðalheiður Hafsteinsdóttir** | **Sigurður Ingi Ólafsson**
**Ágústa Hafsteinsdóttir** | **Ástþór Jónsson**
**Lára Hafsteinsdóttir** | **Einar Birgisson**
**Örn Hafsteinsson**
**Arnar Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Einar Baldur Ásgeirsson**
rafeindavirkjameistari,
áður til heimilis að
Ljósalandi 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 29. apríl
síðastliðinn. Útförin verður mánudaginn 9. maí kl. 15
í Fossvogskirkju. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstandenda
Alzheimersjúklinga.

**Sesselja Þ. Gunnarsdóttir**
**Hildur Einarsdóttir** | **Gísli Sigmundsson**
**Ólöf Kristín Einarsdóttir** | **Hjalti Arnþórsson**
**Margrét Einarsdóttir**
**Áróra Eir Traustadóttir** | **Steinn Linnet**
**Einar Óli Guðmundsson** | **Íris Ösp Vésteinsdóttir**
**Arnþór Hjaltason**
**María Hjaltadóttir**
**Gunnlaugur Óli og Bjarki Þór**

# Listvinafélagið og mótun íslenskrar fagurmenningar

Í dag verður fluttur fjórði og síðasti fyrirlesturinn í fyrirlestraröð um Listvinafélagið. Hann flytur Benedikt Hjartarson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.



**Benedikt skoðar í fyrirlestrinum sérstaklega framúrstefnuhreyfingar í menningu og listum í kringum árið 1919.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Benedikt Hjartarson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, flytur í dag erindi í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Erindið ber heitið Fyrsta almenna listasýningin 1919: Um Listvinafélagið og mótun íslenskrar fagurmenningar.

Efnt er til erindisins sökum þess að 100 ár eru liðin frá því að Listvinafélag Íslands var stofnað í Reykjavík og hafa af því tilefni verið fluttir þrír hádegisfyrirlestrar um Listvinafélagið og efni því tengt. Fyrirlestur Benedikts er því sá fjórði og jafnframt sá síðasti í röðinni en fyrirlesarar eru félagsmenn Listfræðifélags Íslands.

Listfræðifélag Íslands skipa 60 félagsmenn sem meðal annars eru listfræðingar, sýningarstjórar og aðrir fagaðilar á sviði listfræða á Íslandi. Félagið var stofnað í maí árið 2009 og leysti af hólmi Félag listfræðinga sem hætti starfsemi upp úr aldamótum. Markmið félagsins er að efla samvinnu þeirra er starfa á sviði listfræða og stuðla að listfræðirannsóknum og miðlun þeirra til almennings og efla kennslu á sviði listfræði. Safnahúsið tengist svo sögu Listvinafélagsins en bókasafn þess var þar til húsa um árabil. Listvinafélagið hætti starfsemi árið 1932 en var á sínum starfstíma öflugur félagsskapur og jók áhuga á myndlist og gerði hana aðgengilegri almenningi.

Í fyrirlestrinum mun Benedikt fjalla um fyrstu árin í starfsemi Listvinafélagsins og setja þau í hugmynda- og menningarsögulegt samhengi en í forgrunni verður fyrsta almenna íslenska listasýningin árið 1919 og þær hræringar sem greina má í íslensku menningarlífi á þeim tíma.

„Það sem mig langar að ræða í dag er umhverfið á Íslandi á þessum tíma. Ég mun svona leggja út frá því og mun skoða sérstaklega út frá, fyrst það er nú svona mitt sérsvið, framúrstefnuhreyfingum í menningu og listum á þessum tíma. Eins og fútúrisma, dadaisma og kúbisma og skoða svona viðbrögðin við þessum hreyfingum,“ útskýrir Benedikt þegar hann er spurður að því að hverju fyrirlesturinn taki. Hann segir tímabilið fyrir margar sakir forvitnilegt enda íslensk menning og nútímamenning í mótun þar sem tímabilið hefst mjög stuttu eftir að Ísland verður fullvalda. „Nýjar listgreinar eru að koma upp og fólk er að reyna að átta sig á því hvers konar menningu það vill byggja upp og hvert hlutverk listarinnar er í mótun bæði menningar og samfélags.“

> **Það sem mig langar að ræða í dag er umhverfið á Íslandi á þessum tíma. Ég mun svona leggja út frá því og mun skoða sérstalega út frá, fyrst það er nú svona mitt sérsvið, framúrstefnuhreyfingum í menningu og listum á þessum tíma. Eins og fútúrisma, dadaisma og kúbisma og skoða svona viðbrögðin við þessum hreyfingum.**

Í forgrunni verða höfundarnir Guðmundur Finnbogason, Sigurður Nordal, Jón Björnsson og Alexander Jóhannesson en Benedikt segir skrif þeirra hafa verið einkar leiðandi á umræddum tíma. „Þeir eru að einhverju leyti að skrifa um þessar nýju listhreyfingar úti og glíma við þær. Þeir kynna þær í rauninni hérna heima.“

Fyrirlesturinn fer fram í Lestrarsal Safnahússins við Hverfisgötu og hefst klukkan 12.00 og eru allir velkomnir.

gydaloa@frettabladid.is



Systir okkar, mágkona og frænka,
**Helga Sigurlína Karlsdóttir**
Lækjartúni 16, Akureyri,
lést þann 29. apríl á Dvalarheimilinu
Hlíð. Útför hennar fer fram frá
Akureyrarkirkju miðvikudaginn
11. maí kl. 13.30.

**Erna T. Karlsdóttir**
**Ragnheiður S. Karlsdóttir**
**Jón Emil Karlsson**
**Svala Karlsdóttir**
**Sveinn Karlsson**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýju vegna andláts og útfarar
yndislegu mömmu okkar,
**Erlu Kristjánsdóttur**
Grundargili.

**Óskar Óli Jónsson** | **Ingólfur Ingólfsson**
**Kristján Jónsson** | **Erla Sigurðardóttir**
**Lilja Sigríður Jónsdóttir** | **BingCui Qi**
**Guðný Jónsdóttir** | **Gísli Sverrisson**
**og aðrir aðstandendur.** | **Kári Ragnarsson**



Ástkær móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Elín Kristjánsdóttir**
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
29. apríl síðastliðinn. Útför verður
frá Hafnarfjarðarkirkju 13. maí
næstkomandi kl. 13.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Sigrún Ragnarsdóttir, Jörgen Albrechtsen,**
**Skúli Ragnarsson, Efemía Gísladóttir,**
**Guðrún Helga Steingrímsdóttir og Snorri Ágústsson**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,
**Jóhann Kristinsson**
frá Raufarhöfn,
síðast til heimilis að
Breiðvangi 18, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum 26. apríl síðastliðinn. Útförin fer
fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. maí kl. 13.00.

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
**Eiríkur Jóhannsson** | **Sigríður Helga Olgeirsdóttir**
**Fanney Margrét Eiríksdóttir, Sóley Sara Eiríksdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** | **Pálmi Jónsson**
**Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Helgi Pálmason**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. maí 2016

18. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSI… TI… G … MÁL



Bretar greiða atkvæði eftir sjö vikur um áframhaldandi veru eða útgöngu úr Evrópusambandinu. Nýjustu skoðanakannanir sýna að staðan er mjög tvísýn.

» 4

# 23. júní Brexit



» 2

**True North í útrás**
Framleiðslufyrirtækið kemur að tökum á Hollywood-mynd í Noregi seinna á árinu.



» 5

**Svipmyndin: Bryndís Kristjánsdóttir**
Skattrannsóknarstjóra leiðist að fylla út eigin skattskýrslu.

» 6

**Fara eða vera?**
Lars Christensen veltir fyrir sér framtíð ESB kjósi Bretar að fara.

» 8

**Gífurlegt afrek?**
Stjórnarmaðurinn fjallar um afrek Leicester í boltanum.



## SKJÓÐAN

# Offramboð eigna og minni eftirspurn er ávísun á verðlækkun

**BÆÐI FÖSTUDAG** og mánudag hrikti í íslensku Kauphöllinni. Tugir milljarða af markaðsvirði skráðra félaga þurrkuðust út og við lok viðskipta á mánudag hafði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkað um næstum sjö prósent frá því viðskipti hófust á föstudag og frá áramótum hafði hún lækkað um ríflega þrjú prósent.

**ÓLÍKLEGT** er að árshlutauppgjör Icelandair hafi eitt og sér valdið þessari miklu lækkun. Rekstrarhorfur félagsins virðast að mörgu leyti mjög hagstæðar.

**RÍKISSTJÓRNIN** segist ætla að lyfta fjármagnshöftum áður en kosið verði til Alþingis í haust. Driffjöður hækkandi eignaverðs undanfarin misseri hefur verið innlend fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna, sem hafa verið læstir í höftum eins og aðrir. Fái þeir í auknum mæli að fjárfesta erlendis blasir við að eftirspurn eftir íslenskum eignum, hvort sem um ræðir verðbréf eða fasteignir, dregst saman. Það leiðir til verðlækkunar.

**ÞÁ ER ÞAÐ YFIRLÝST** stefna ríkisstjórnarinnar að selja hratt þær eignir, sem ríkið eignast við uppgjörið við slitabú bankanna. Fyrir voru miklar eignir í eigu ríkisins í gegnum Eignarhaldsfélag Seðlabanka Íslands. Nú bætast við gríðarlegar eignir og þar á meðal Íslandsbanki og í raun og veru Arion banki líka, þó að formlega sé hann enn í eigu kröfuhafa Kaupþings. Fyrir átti ríkið Landsbankann.

**MIKIÐ HEFUR** verið reynt að finna erlenda kaupendur að nýju bönkunum en algerlega án árangurs. Það er enginn erlendur áhugi á bönkunum. Það breytist ekki þó höftum verði aflétt. Það er gjaldmiðillinn, sem er Þrándur í Götu. Erlendir fjárfestar hafa ekkert traust á íslensku fjárfestingarumhverfi á meðan krónan er gjaldmiðillinn. Þeir vita sem er að einungis er tímaspursmál hvenær haftatökin um hana verða hert að nýju.

**HVERJIR EIGA ÞÁ** að kaupa bankana og öll hin fyrirtækin sem ríkið hyggst nú setja á sölu? Lífeyrissjóðirnir taka kannski þátt í kaupum á einum banka en tæplega tveimur eða þremur. Þegar lífeyrissjóðunum sleppir er fjárfestingageta íslenskra fjárfesta afar takmörkuð. Nokkrir hópar fjárfesta hafa hagnast verulega á að kaupa eignir af bönkum eftir hrun í félagi við lífeyrissjóði en án lífeyrissjóðanna eru þeir engan veginn í stakk búnir til að kaupa banka nema á einhverjum sérstökum vildarvinakjörum, sem við skyldum þó aldrei útiloka að verði í boði fyrir góða borgunarmenn.

**Í HNOTSKURN** virðist ríkisstjórnin vera að draga úr eftirspurn eftir innlendum eignum með því að lyfta fjármagnshöftum á sama tíma og hún stóreykur framboð á eignum með því að setja á sölu ríkiseignir fyrir hundruð milljarða. Enginn skyldi láta það koma sér á óvart þó að þetta samspil offramboðs og minnkandi eftirspurnar leiði til leiðréttingar á íslenskum eignamörkuðum.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Getty Images**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Leifur segir boðaða hækkun á endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar hér á landi þegar farna að hafa áhrif. Auk rekstursins hér fer fyrirtæki hans í samstarf við kvikmyndaframleiðandann Per Henry Borch í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# True North hyggur á landvinninga í Noregi

**True North hefur stofnað dótturfélag í Noregi. Fyrirtækið kemur að framleiðslu kvikmyndar með Matt Damon í aðalhlutverki í haust. Noregur býður upp á fjölbreyttari tökustaði að sögn stjórnarformanns True North.**

True North hyggst hefja starfsemi í Noregi á næstu misserum. Fyrirtækið hefur stofnað félag í Noregi undir nafninu True North Norway.

Leifur B. Dagfinnsson, stjórnarformaður True North, segir að bandaríska kvikmyndaverið Paramount og aðilar í Noregi hafi sett sig í samband við True North um að taka upp kvikmyndina Downsizing undir leikstjórn Alexanders Payne þar í landi. Leifur segir tökur hefjast í ágúst en meðal leikara í myndinni verða Matt Damon, Kristen Wiig, Christoph Waltz, Neil Patrick Harris, Alec Baldwin og Jason Sudeikis. „Í framhaldinu af því ákváðum við að slá til og bjóða upp á okkar þekkingu í Noregi," segir Leifur.

„Okkur finnst Noregur bjóða upp á þá aukavídd sem Ísland hefur kannski ekki. Þessa djúpu löngu firði, skóglendi og fallegt vegakerfi. Flutningakerfið þarna er mjög sterkt þótt þetta sé stórt landi," segir hann

„Við erum með áunna sérþekkingu í þessu og ætlum að nýta hana til þess að efla tengslin við Noreg."

> **Okkur finnst Noregur bjóða upp á þá auka vídd sem Ísland hefur kannski ekki. Þessa djúpu löngu firði, skóglendi og fallegt vegakerfi.**
>
> Leifur B. Dagfinnsson, stjórnarformaður True North.

Leifur segir fyrirtækið í samstarfi við Per Henry Borch í Noregi, reynslumikinn kvikmyndaframleiðanda sem hafi tekið þátt í framleiðslu fjölda norskra mynda. „Það eru verkefni í skoðun núna sem eru jafnvel bæði með Noreg og Ísland inni."

Leifur segir tækifærin í Noregi koma til nú þar sem landið bjóði upp á 25 prósent endurgreiðslur af kostnaði við kvikmyndagerð í landinu. Frumvarp um sömu endurgreiðslu hér á landi, 25 prósent, hefur verið lagt fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra á Alþingi. Endurgreiðslurnar á Íslandi í dag eru 20 prósent. „Ég held að með þessari væntanlegu hækkun í 25 prósent tökum við aftur við forystunni þar. Noregur er dýrt land og það þurfa að vera sérstakar ástæður fyrir því að farið sé þangað að mynda."

Leifur segir True North þegar finna fyrir því að áhuginn á að taka upp erlendar kvikmyndir á Íslandi á næsta ári hafi aukist, samhliða væntri hækkun endurgreiðslna. Þar á meðal sé kvikmyndaverið Paramount sem True North mun vinna með í Noregi.

Paramount átti í deilum við íslensk stjórnvöld vegna endurgreiðslna af kvikmyndinni Noah sem tekin var upp hér á landi 2012. „Það er synd að þetta skyldi tefjast í þennan tíma," segir Leifur. Málið hafi endað með fullnaðarsigri Paramount, sem hafi fengið allt það fé endurgreitt sem farið hafi verið fram á. Á meðan á deilunum stóð hafi þeir hins vegar ekki viljað taka upp kvikmyndir hér á landi en það hafi nú breyst.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 4. maí**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016.

**Föstudagur 6. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruviðskipti við útlönd, apríl 2016, bráðabirgðatölur.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vinnumarkaður á fyrsta ársfjórðungi 2016.

**Mánudagur 9. maí**
**LÁNAMÁL RÍKISINS** Mánaðarlegar markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins.

**Þriðjudagur 10. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Efnahagslegar skammtímatölur í maí 2016.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.
**EIK** Þriggja mánaða uppgjör.

**Miðvikudagur 11. maí**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála.

**Fimmtudagur 12. maí**
**LANDSBANKINN** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2016.
**HAGAR** Fjórði ársfjórðungur.

**Föstudagur 13. maí**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Fiskafli í apríl 2016

## Vikan sem leið

### 8,9
**prósent hlutabréfalækkun**

Frá lokun markaða á fimmtudaginn fram til lokunar markaða á mánudag lækkuðu hlutabréf í Icelandair Group um 8,9 prósent. Lækkunina má rekja til þess að á fimmtudaginn tilkynnti félagið að það hefði tapað 1,9 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi. Í gær hækkuðu hlutabréf þó á ný.

### 44,4
**milljarða viðskipti**

Heildarviðskipti með hlutabréf í aprílmánuði námu 44.408 milljónum eða 2.220 milljónum á dag í Kauphöll Íslands. Það er tuttugu prósenta hækkun frá fyrri mánuði, en í mars námu viðskipti með hlutabréf 1.845 milljónum á dag. Þetta er sextíu og sex prósenta hækkun á milli ára. Mest voru viðskipti með bréf Icelandair Group.

### 14
**prósent samdráttur**

Hagnaður breska bankans HSBC dróst saman um fjórtán prósent á fyrsta fjórðungi ársins, í kjölfar gríðarlegra sveiflna á alþjóðamörkuðum í byrjun árs. Hagnaður fyrir skatt nam 6,1 milljarði dollara, jafnvirði 744 milljarða íslenskra króna, samanborið við 7,1 milljarð dollara, jafnvirði rúmlega 850 milljarða íslenskra króna fyrir ári síðan.



№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala á harpa.is & tix.is

Aukasýning komin í sölu

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 31. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · TVG-Zimsen · Icelandair Hotels

Styrktaraðilar viðburðar

Icelandair · Arion banki · Center Hotels · Lexus

Lárusson Hönnunarstofa

# Framtíð Bretlands er tvísýn

**Ómögulegt er að sjá hvort aðildarsinnar eða útgöngusinnar muni hafa betur í baráttunni um framtíðartengsl Bretlands við Evrópusambandið. Prófessor í stjórnmálafræði segir að niðurstaðan gæti klofið hið fornfræga heimsveldi í marga hluta.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Sjö vikur eru þar til þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram í Bretlandi um það hvort Bretar skuli ganga úr Evrópusambandinu eða vera þar áfram. Fjölmargar sjálfstæðar greiningar hafa verið gerðar sem flestar benda til þess að útganga úr Evrópusambandinu muni hafa mjög neikvæð áhrif á breskt efnahagslíf.

Þá hefur Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, varað við því að ef Bretar gengju úr Evrópusambandinu ættu þeir ekki að búast við því að auðvelt yrði að ná fríverslunarsamningi milli Bandaríkjanna og Bretlands.

Bandaríska blaðið Wall Street Journal greindi frá því í byrjun vikunnar að 51 prósent svarenda vilji vera áfram í Evrópusambandinu en 49 prósent vilja ganga úr því, samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum. Blaðið segir að þetta hljóti að vera allt of naumt forskot fyrir þá sem aðhyllast áframhaldandi veru innan Evrópusambandsins.

Ástæðan er sú að talsmenn útgöngu úr Evrópusambandinu eru almennt eldra fólk en talsmenn áframhaldandi veru. Og eldri kjósendur eru almennt séð líklegri til þess að mæta á kjörstað en yngri kjósendur. Þórður Ægir Óskarsson, sendiherra Íslands í Bretlandi, segist hafa orðið var við þessar áhyggjur.

„Ef Remain-hópurinn er þokkalega á undan í skoðanakönnunum þá er mjög mikil hætta á að það sé erfiðara að ná kjósendum á kjörstað. Þeir halda bara að þetta sé allt í lagi. Það heyrist manni að sé mesta hræðslan hjá þeim sem leiða aðildarsinnana,“ segir Þórður Ægir.

### Flestir spá vondum afleiðingum

Flestir hagfræðingar sem hafa tjáð sig um afleiðingar af útgöngu telja að þær yrðu slæmar.

Þannig sagði Angel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags og framfarastofnunarinnar, í síðustu viku að framtíðarkynslóðir þurfi að greiða fyrir mistökin ef Bretar ganga úr Evrópusambandinu núna.

„Bretland er miklu sterkara sem hluti af Evrópu og Evrópa er miklu sterkari með Bretland sem einn af lykilaðilunum,“ sagði Gurría í ræðu sem hann hélt í London School of Economics fyrr í mánuðinum. Hann sagði að þeir sem teldu að Bretar næðu betri viðskiptakjörum utan Evrópusambandsins væru haldnir ranghugmyndum.

Gurría bætti því við að ábyrgð breskra kjósenda á kjördag væri mikil. Breska fjármálaráðuneytið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa verið á svipuðu máli. Í gær sagði Greg Hands, aðstoðarfjármálaráðherra Bretlands, í grein í breska blaðinu Telegraph að 100 þúsund störf gætu tapast eftir útgöngu og heilbrigðiskerfið og önnur almannaþjónusta myndi líða fyrir. Aðrir eru þó bjartsýnni. Hópur breskra hagfræðinga birti skýrslu í síðustu viku þar sem fram kom að hagvöxtur yrði fjórum prósentum meiri en ella ef Bretar færu úr sambandinu. Á meðal þessara hagfræðinga eru Roger Bootle, fyrrverandi aðalhagfræðingur HSBC bankans, og Gerard Lyons aðalefnahagsráðgjafi Boris Johnson, borgarstjóra Lundúna, en Boris er talsmaður útgöngu.

### Cameron í erfiðri stöðu

David Cameron, forsætisráðherra Breta, hefur verið talsmaður áframhaldandi aðildar og hafði lengi framan af sterka stöðu. Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst og forstöðumaður Evrópufræðaseturs, segir stöðu Camerons þó vera farna að veikjast og það hafi áhrif á málflutning hans.

„Hann er talsmaðurinn númer eitt fyrir áframhaldandi veru. Þegar hann veikist svona í kjölfarið á Panamaskjölunum þá missir jáhreyfingin slagkraft,“ segir Eiríkur Bergmann. Hann segir þó enn allt of snemmt að spá um hvernig þjóðaratkvæðagreiðslan fer. „Ég held að við stöndum bara andspænis því að vita ekki almennilega enn þá hvernig þetta fer. En ég held að það sé enn þá líklegra en hitt að fólk vilji vera.“

Eiríkur Bergmann vísar til þess að Cameron sætti gagnrýni þegar upp komst að faðir hans hafði átt reikninga á lágskattasvæðum. Ráðherrann viðurkenndi síðar að hann sjálfur hefði hagnast á þessum reikningum. Þórður Ægir Óskarsson sendiherra segist ekki vera viss um að þessi atburðarás hafi haft langvarandi áhrif á stöðu Camerons.

„Þessi Panamaskjöl spiluðu rullu á ákveðnum tíma, en Cameron kom með mótleik, að gefa upp sínar tölur, og fólk horfir svolítið öðruvísi á þessi mál hérna en við gerum heima. Það er ekki þessi tilfinningaþrungna umræða.“ Þórður Ægir segir að stóri veikleiki Camerons sé hversu klofinn Íhaldsflokkurinn, flokkur Camerons, sé.

„Hann er með mjög illa klofinn flokk. Og það er spurning hvort honum takist nokkurn tímann að ná sér á strik þó að honum takist að halda Bretlandi innan ESB,“ segir Þórður Ægir.

Hann segir að Brexit byrji nánast sem innanflokksmál íhaldsmanna og Cameron hafi byrjað á því að bjóða upp á þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir almennar þingkosningar til þess að halda flokknum saman. Átökin sem Cameron hefur átt við áhrifamenn innan flokksins, eins og Boris Johnson, gleymist hugsanlega ekki svo auðveldlega eftir kosningar.

### Gæti haft mikil áhrif á Bretland

Bæði Þórður Ægir og Eiríkur Bergmann segja að kosningarnar geti haft mikil áhrif á framtíð Bretlands. Eiríkur Bergmann segir að útganga úr Evrópusambandinu hefði mikil áhrif. Tveir af hverjum þremur Skotum muni kjósa að vera áfram í Evrópusambandinu. Ef Englendingar ætli að draga þá þaðan út sé ekkert víst að Skotar vilji vera áfram hluti af Bretlandi. „Þá er mögulegt að þeir myndu vilja kjósa um sjálfstæði á ný og halda áfram að vera innan Evrópusambandsins,“ segir Eiríkur Bergmann. Þórður Ægir tekur undir að þetta sé eitt af því sem horft er til í umræðunni. „En þetta er allt svo teorískt á þessum tíma að menn veigra sér eiginlega við því að draga af þessu einhverjar ályktanir,“ segir Þórður Ægir.

Eiríkur segir að umræðan um Norður-Írland sé líka farin af stað aftur. „Ef Norður-Írar myndu ná því í gegn að sameinast Írlandi innan Evrópusambandsins eru bara England og Wales eftir innan Bretlands,“ segir Eiríkur. Áfram verður fjallað um Brexit í fréttum Stöðvar 2 í kvöld.



Barack Obama og David Cameron yfirgefa Downingstræti 10. Obama heimsótti Cameron fyrir hálfum mánuði. Við það tækifæri varaði hann Breta við því að ganga úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Hann er með mjög illa klofinn flokk. Og það er spurning hvort honum takist nokkurn tímann að ná sér á strik þó að honum takist að halda Bretlandi innan ESB.**

Þórður Ægir Óskarsson, sendiherra Íslands í London



**Ég held að við stöndum bara andspænis því að vita ekki almennilega enn þá hvernig þetta fer. En ég held að það sé enn þá líklegra en hitt að fólk vilji vera.**

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst



## Eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslendinga

Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að Bretland sé eitt allra mikilvægasta viðskiptaríki Íslendinga, bæði hvað varðar útflutning og innflutning.

Um ellefu prósent af öllum útflutningi Íslendinga er til Bretlands og um tuttugu prósent erlendra ferðamanna koma þaðan. „Þetta er mjög mikilvægt viðskiptaland fyrir okkur. Og þegar því var lofað að þeir færu í atkvæðagreiðslu um veru sína í Evrópusambandinu þá fór utanríkisráðuneytið strax að skoða hver yrðu möguleg áhrif á hagsmuni Íslands,“ segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra.

Sérstaklega væri kortlagt hvaða áhrif þetta myndi hafa á viðskiptaumhverfið. „Ég hef verið að fylgjast með þeirri vinnu og það er verið að kortleggja helstu málefnasviðin og hvar þessi áhrif geta komið fram. Hvað verður svo ef þeir ganga út er erfitt að segja. Við erum með ákveðna samninga í gangi og við stefnum auðvitað að því að halda þeim viðskiptakjörum og auðvitað munum við, ef eitthvað er, sækja fram í þeim efnum.“ En Ísland sé ekki eyland hvað það varðar. Noregur og fleiri ríki verði í sömu stöðu.



Lilja Alfreðsdóttirutanríkisráðherra Íslendinga fylgist með þróun mála.



FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
4. MAÍ 2016 MIÐVIKUDAGUR




Einn pakki af Revolution inniheldur 120 þynnupökkuð grænmetishylki.



Sjósundkappinn Benedikt Lafleur mælir hiklaust með Revolution Macalibrium. MYND/PÁLL FRIÐRIKSSON

# BÆTTI LÍFSGÆÐIN TIL MUNA

**Vistor hf. kynnir:** Revolution Macalibrium* er fæðubótarefni fyrir karlmenn unnið úr maca-rót. Maca-rótin er sérstaklega góð fyrir þá sem vilja aukna orku og úthald, draga úr stressi, efla kynhvötina og styrkja grunnheilsu sína.

„Mér finnst Revolution maca-rótin í raun alveg makalaus," segir Benedikt Lafleur, sjósundkappi á Sauðárkróki, sem tekur Revolution Macalibrium hylkin reglulega. Benedikt finnst hann vera frískari og í meira jafnvægi eftir að hann fór að taka Revolution. Honum til mikillar undrunar virkaði rótin bæði fyrr en hann átti von á og með mun áþreifanlegri hætti. „Mér finnst Revolution ólíkt öðrum fæðubótarefnum sem ég hef prófað. Ég verð orkumeiri og finn fyrir auknu blóðstreymi um líkamann sem skilar sér alla leið inn í svefnherbergið," en Benedikt fann nánast um leið fyrir jákvæðum breytingum í líkamanum þegar hann fór að taka Revolution og er nú t.d alveg hættur að vakna mörgum sinnum yfir nóttina til þess eins að fara á salernið.

Þó Benedikt trúi því að fæðubótarefni komi ekki í stað hollustuhátta eins og hreyfingar, andlegrar slökunar og inntöku vítamínríkrar fæðu, þá mælir hann hiklaust með Revolution Macalibrium sem aldeilis makalausri viðbót til að bæta lífsgæðin, auka orkuna og standast álag og streitu í dagsins önn.

**REVOLUTION MACALIBRIUM:**
- er með lífræna vottun í USA, Japan og Evrópu
- er framleitt undir GMP, með FairTrade vottun,
- er ekki erfðabreytt (non GMO)
- er glútenfrítt.

> Mér finnst Revolution maca-rótin í raun alveg makalaus. Mér finnst Revolution ólíkt öðrum fæðubótarefnum sem ég hef prófað. Ég verð orkumeiri og finn fyrir auknu blóðstreymi um líkamann sem skilar sér alla leið inn í svefnherbergið.
>
> Benedikt Lafleur

## EINFÖLD LAUSN

Revolution Macalibrium er framleitt úr maca-rót (Lipidium Peruvianum) sem vex eingöngu hátt í Andesfjöllum Perú. Rótin er flokkuð sem ofurfæða og styður við almennt jafnvægi líkamans. „Karlmenn vilja einfaldar lausnir. Í stað þess að taka inn margar töflur á dag þá einfaldar Revolution málið," segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf.

Ráðlagður dagskammtur af Revolution eru tvö hylki á dag en þau innihalda dagskammt af ýmsum vítamínum og ensímum, fitusýrum og lífsnauðsynlegum amínósýrum, auk B1, B2 og B12 vítamíns. Auk þess inniheldur Revolution mikið af virku kalki og magnesíum. „Revolution er því kjörið fyrir karlmenn á öllum aldri sem vilja aukna orku og úthald," segir Guðný enn fremur.

## JÁKVÆÐ ÁHRIF Á KYNHVÖTINA

Maca-rótin er vel þekkt fyrir jákvæð áhrif á hormónabúskapinn án þess að innihalda hormóna. Frægust eru áhrif maca-rótarinnar á kynhvötina en til gamans má geta að maca-rótin var talin gulls ígildi og notuð sem gjaldmiðill í vöruskiptum í Perú á öldum áður.

Í einum pakka af Revolution eru 120 þynnupökkuð grænmetishylki.

**Revolution Macalibrium fæst í helstu apótekum og Heilsuhúsinu. Nánari upplýsingar á Facebook undir Revolution Macalibrium.**

*http://www.naturalhi.com/downloads/WhitePaper_MacaGO.pdf



Macarótin er vel þekkt fyrir jákvæð áhrif á hormónabúskapinn.







K-BRÚN
Íslensk hönnun Sundlaugarvegi Sími: 517 3640




Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Heilsuréttir fjölskyldunnar
Hollusturéttir
við allra hæfi







Kaffitjöldin verða klár. MYND/ÍSÍ



Farið yfir reiðhjólin í ró og næði í morgunsárið. MYND/ÍSÍ

# ALLIR KLÁRIR Í DAGINN

Verkefnið Hjólað í vinnuna hefst í dag þar sem þúsundir Íslendinga hjóla til og frá vinnu, ganga eða nýta sér almenningssamgöngur.

Heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna hefst í dag, miðvikudag, og stendur yfir til þriðjudagsins 24. maí. Sem fyrr er það Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) sem stendur fyrir verkefninu sem nú er haldið í fjórtánda sinn.

Að sögn Sigríðar Ingu Viggósdóttur, sviðsstjóra almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, hefur meginmarkmið verkefnisins alltaf verið að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. „Þátttakendur eru þá hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þær þrjár vikur sem verkefnið stendur yfir. Við sjáum vel hversu stóran þátt það hefur átt í að auka hjólreiðamenningu hér á landi. Þegar verkefnið fór af stað árið 2003 voru þátttakendur 533. Ári síðar fór fjöldinn í 2.510 og hefur hann aukist jafnt og þétt síðan. Metþátttaka var árið 2012 þegar 11.381 manns tóku þátt. Síðan þá hafa margir gert hjólreiðar að lífsstíl og hjóla stóran hluta ársins og eru því ekki að skrá sig sérstaklega í verkefnið.“

## HUGSAÐ VEL UM STÍGANA

Mörg sveitarfélög hafa líka lagt mikinn metnað í að bæta göngu- og hjólreiðastíga og það ber að hrósa þeim fyrir það segir Sigríður. „Það þarf að huga vel að þessum stígum, sópa þá og moka. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu séu samstiga í því að moka stígana yfir vetrartímann þannig að hjólreiðamenn lendi ekki í að hjóla úr Kópavogi á nýmokuðum stíg og hjóli svo í skafl á bæjarmörkum Reykjavíkur.“

Með því að hjóla eða ganga til og frá vinnu kemur líka hreyfing inn í daglega rútínu fólk. „Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis þurfa fullorðnir einstaklingar að hreyfa sig í 30 mínútur á dag. Það ætti því að vera auðvelt að ná þeim markmiðum með því að hjóla eða ganga til og frá vinnu. Svo kemur maður líka bara svo vel vaknaður og hress í vinnuna og er klár í daginn.“

## HÖFÐAÐ TIL VINNUSTAÐA

Upphaf verkefnisins má rekja til þess að ÍSÍ langaði að fara af stað með nýtt almenningsverkefni í framhaldi af verkefninu Ísland á iði. Í framhaldi var farið af stað með Hjólað í vinnuna árið 2003. „Sótt var um styrk hjá Alþjóðaólympíuhreyfingunni og vefsíða sett í loftið sem þótti nokkuð merkileg á þeim tíma enda hægt að fara inn á síðuna og skrá þar hreyfingu sína.“

Í upphafi var horft til svipaðra verkefna sem höfðu verið í gangi á Norðurlöndunum. „Sú leið var farin að höfða til starfsmanna vinnustaða og ná þannig upp stemningu meðal fólks. Í gegnum tíðina höfum við fengið margar stórskemmtilegar sögur sem hægt er að lesa á vefnum um upplifun þátttakenda af verkefninu. Auk þess var leitað til Landssamtaka hjólreiðamanna og Fjallareiðhjólaklúbbsins um að vera ráðgefandi í verkefninu. Síðan bættust Hjólreiðafélag Reykjavíkur og Hjólafærni í hópinn. Í kjölfarið á örum vexti hjólreiðaíþróttarinnar á Íslandi var svo Hjólreiðasamband Íslands stofnað sem sérsamband innan ÍSÍ árið 2014.“



„Sú leið var farin að höfða til starfsmanna vinnustaða og ná þannig upp stemningu meðal fólks,“ segir Sigríður Inga Viggósdóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. MYND/ERNIR

> Við sjáum vel hversu stóran þátt það hefur átt í að auka hjólreiðamenningu hér á landi.
>
> Sigríður Inga Viggósdóttir

## KAFFIÐ Á SÍNUM STAÐ

Setningarhátíðin fer fram í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag kl. 8.30 og eru allir velkomnir að hlusta á stutt hvatningarávörp og þiggja léttar veitingar. „Kaffitjöldin verða á sínum stað í vikunni 10. til 13. maí þar sem þátttakendur geta hjólað við og fengið sér rjúkandi heitt kaffi frá Kaffitári, svalandi Kristal frá Ölgerðinni og látið starfsmenn Arnarins fara yfir hjólið. Nánari upplýsingar um tjöldin má finna á hjoladivinnuna.is.“

Á meðan verkefnið stendur yfir verður dregið daglega úr vinningum frá Erninum þar sem allir þeir sem skrá sig til leiks eiga möguleika á vinningi. Auk þess verður dreginn út einn risavinningur á lokadeginum 24. maí, hjól að verðmæti 100.000 kr.

Hjólað í vinnuna er á Facebook og einnig á Instagram og Snapchat undir hjoladivinnuna. Myllumerki verkefnisins er #hjoladivinnuna.

**Nánari upplýsingar má finna á www.hjoladivinnuna.is.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777** **nazar**







Hér má sjá frá vinstri: dragt eftir Coco Chanel frá 1963-1968, dragt – Karl Lagerfeld fyrir Chanel 2015, Iris van Herpen vor/sumar 2010, kjóll frá Iris van Herpen haust/vetur 2013-2014, kjóll frá Yves Saint Laurent haust/vetur 1969-1970,

# MAÐUR GEGN VÉL

**Sýningin Manus x Machina** verður opnuð í Metropolitansafninu í New York í dag en hún er á vegum Costume Institute. Á sýningunni eru könnuð tengsl hins handgerða og hins vélvædda í tískuframleiðslu.

Á sýningunni eru yfir 100 tískumunir. Þá má sjá kjól sem Charles Frederick Worth hannaði upp úr 1880, kokteildress eftir Yves Saint Laurent frá 1969, hátísku jakkaföt sem Karl Lagerfeld hannaði fyrir haustlínu Chanel árið 2015 og allt þar á milli.

„Markmiðið er að sýna að línurnar milli hátækni og handverks verða æ óljósari í tískunni eftir því sem kemur lengra inn á 20. öldina. Áður var talið að helsti munurinn á hátísku og pret-à-porter, eða hvunndagsfötum, fælust í því að það fyrra væri handsaumað en það seinna vélsaumað. Nýverið hefur þessi greinarmunur orðið óljósari þar sem hönnuðir í báðum greinum hafa notað tækni hins,“ segir sýningarstjórinn Andrew Bolton.

Sýningin fer fram í hinu hringlaga Robert Lehman Wing galleríi og Anna Wintour Costume Center. Í öðrum salnum verða sýnd klæði sem sýna hina mismunandi tækni á borð við útsaum, blúndugerð og leiserskera en í hinum verða sýndir kjólar frá ýmsum tímabilum, eftir hönnuði á borð við Coco Chanel, Christian Dior, Lagerfeld, Raf Simons fyrir Dior, Christopher Kane, Iris van Herpen og Nicolas Ghesquière.


Brúðarkjóll úr smiðju Karls Lagerfeld fyrir Chanel sem var hluti af haust/vetrar hátískulínu fyrir 2014-2015.

# HUNDRAÐ ÁRA OFURSKVÍSA

Tímaritið Vogue heldur upp á hundrað ára afmæli sitt um þessar mundir. Af því tilefni ákvað breska tískuverslanakeðjan Harvey Nichols að búa til auglýsingu með hundrað ára gamalli fyrirsætu.

Hin hundrað ára gamla Bo Gilbert frá Birmingham varð fyrir valinu sem fyrirsæta Harvey Nichols en fjallað hefur verið um hana, auglýsingatökuna og stuttmynd sem gerð var um verkefnið, á hinum ýmsu miðlum á netinu, til dæmis Vogue og The Daily Mail.

Markmiðið með auglýsingunni er sagt vera að benda á þá aldursmismunun sem sé ríkjandi í tískubransanum og sýna og sanna að eldri kynslóðir geti verið stællegar líka.

Bo hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tísku og hefur þróað sinn eigin stíl. Hún klæðist hælaskóm daglega og fer aldrei úr húsi án farða.

Í tveggja mínútna stuttmyndinni sést Bo ræða um tísku og hvaða stílar hafi haft mest áhrif á hana á heilli öld. Til dæmis nefnir hún stundina þegar hún sá konu í fyrsta sinn í buxnadragt á sjötta áratugnum. Hún nefnir einnig að leikkonan Audrey Hepburn sé hennar aðalinnblástur á tískusviðinu.

„Ég geri það sem margir á mínum aldrei gera ekki. Ég hugsa alltaf um útlitið jafnvel þó ég sé ekki á leiðinni út úr húsi. Ég klæði mig upp á fyrir sjálfa mig, ekki til að ganga í augun á strákunum,“ segir hún í myndbandinu. Hún segist einnig hafa gaman af að fylgjast með þróun tískunnar. „Á mínum yngri árum vorum við stelpurnar til dæmis hrifnar af höttum, tylltum þeim í aðra hliðina og stungum í þá fjöður. Í dag er enginn með hatt,“ segir hún glaðlega.

» Hún klæðist hælaskóm daglega og fer aldrei úr húsi án farða.

Á myndinni klæðist Bo fötum og fylgihlutum úr nýjustu vor- og sumarlínum fyrir 2016. Hún er með Valentino gleraugu, í bleikum jakka frá Dries Van Noten og í bol frá Victoriu Beckham. Hún er með hálsmen frá Lanvin, buxum frá The Row og stællegum skóm frá Céline. „Ég elska fallega hluti, þeir hafa alltaf höfðað til mín og gera það enn í dag.“

Myndirnar í auglýsinguna tók virtur tískuljósmyndari, Phil Poynter, sem hefur unnið fyrir merki á borð við Prada, Louis Vuitton og Lacoste en hann stofnaði einnig tímaritið Dazed & Confused.

Fyrsta auglýsingin birtist í júníútgáfu Vogue sem er nýlega komið út en það er stærsta blað Vogue frá upphafi.



Bo tók sig vel út í auglýsingunni.




## Velkomin um borð

Söguhringur kvenna er vettvangur fyrir konur sem hafa áhuga á að deila menningarlegum bakgrunni sínum með öðrum, skapa saman og spjalla. Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna og er opinn öllum konum, íslenskum sem erlendum.

Næstkomandi laugardag, þann 7. maí klukkan 13.30 til 16.30, eru allar konur boðnar á sýningu Sjóminjasafnsins og í kaffi um borð í varðskipinu Óðni.

Byrjað verður á því að ganga um sýningar Sjóminjasafnsins, síðan verður farið í leik þar sem þátttakendur velta fyrir sér orðum á mismunandi tungumálum yfir ýmsa hluti sem tengdir eru sjávarútvegi. Einnig verður litið inn á sýningu sem fjallar um sjósókn kvenna frá upphafi landnáms til dagsins í dag. Ferðinni lýkur svo úti á sjó, nánar tiltekið um borð í varðskipinu Óðni.

Allar konur velkomnar og aðgangur er ókeypis.



## Karamellu-kladdkaka

Hér er afar girnileg uppskrift að kladdköku af uppskriftavefnum blaka.is.

**100 g 70% súkkulaði(grófsaxað)**
**115 g smjör**
**1¼ dl sykur**
**1¼ dl flórsykur**
**2 stór Nesbú-egg**
**2 tsk. vanilludropar**
**½ tsk. salt**
**1¾ dl Kornax-hveiti**
**1 poki Freyju karamellur(skornar í helminga)**
**sjávarsalt**

Hitið ofninn í 175°C og klæðið hringlaga form með smjörpappír, sirka 20 sentímetra.

Bræðið súkkulaði og smjör saman yfir vatnsbaði eða í örbylgjuofni. Á sama tíma blandið þið sykri, flórsykri, salti og vanilludropum saman í skál. Hellið súkkulaðiblöndunni saman við sykurblönduna. Bætið síðan eggjunum út í, einu í einu og hrærið vel saman. Loks hrærið þið hveitinu vel saman við. Hellið helmingnum af deiginu í formið og raðið helmingnum af karamellunum ofan á. Hellið síðan hinum helmingnum ofan á og raðið hinum helmingnum af karamellunum ofan á kökuna.

Bakið í 25-30 mínútur. Stráið sjávarsalti yfir kökuna og leyfið henni að kólna aðeins áður en þið dýfið ykkur í hana.

# LEIKA LÖG ÚR ALADDÍN

Skólahljómsveit Grafarvogs heldur tónleika í Menningarhúsi í Spönginni næstkomandi laugardag. Krakkar í 5. til 7. bekk leika fjörug lög, allt frá Thriller Michaels Jackson til tónlistar úr teiknimyndinni Aladdín. Aðgangur er ókeypis á tónleikana og allir velkomnir.

„Skólahljómsveit Grafarvogs var stofnuð árið 1993 og sinnir nú á annað hundrað grunnskólanemendum í Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal.

Starfinu er að jafnaði skipt í þrjár hljómsveitir, A, B og C sveit. Sveitin gegnir veigamiklu hlutverki í hverfunum við tónlistarflutning við hátíðleg tækifæri. Elsta hljómsveitin fer að jafnaði í tónleikaferðir til útlanda annað hvert ár til viðbótar við fjölmargar æfingaferðir innanlands. Hljómsveitin hefur hlotið viðurkenningu Nótunnar fimm sinnum og komið fram í sjónvarpi mörgum sinnum.“

**Tónleikarnir í Spönginni hefjast klukkan 14.**



**Skólahljómsveit Grafarvogs heldur tónleika á laugardaginn.**




## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



SUZUKI Swift. Árgerð 2015, ekinn 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.232941.BILAMARKADURINN.IS 5671800



SUZUKI Vitara. Árgerð 2015, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.108586. BÍLAMARKADURINN.IS 5671800



BMW 520d f10. Árgerð 2012, ekinn 124 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, álfelgur. leður, ofl. skoðar skipti Verð 4.490.000. Rnr.108699. BÍLAMARKADURINN.IS 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLA GALLERÍ



MERCEDES-BENZ E 220 CDI Avantgarde Dísel. Árgerð 2015, Ónotaður ekinn 324 KM !, Umboðsbíll, Leður ofl. Verð 8.5 millj. Tilboð 7.7 stgr !. Rnr.100234. 663-2430 eftir lokun.



M.BENZ GL350 Dísel.7 manna. Árgerð 2014, Ekinn 17 Þ.km, Glæsilegur Umboðsbíll, Leður, glerþak, krókur ofl. Verð 15.8 millj. raðnr 100096. Sími 663-2430 eftir lokun.

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**


Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


Toyota Kauptúni



LEXUS Rx450h exe sóllúga. Árgerð 2015, ekinn 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 10.980.000. Rnr.430148.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 119 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.280101. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2014, ekinn 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.590.000. Rnr.991696.



PEUGEOT 206 performance. Árgerð 2006, ekinn 146 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 880.000. Rnr.991758.



MERCEDES-BENZ ML 350 bluetec 4matic. Árgerð 2014, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.990.000. Rnr.991697.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óskum eftir ferðavögnum og ferðabílum af öllum stærðum og gerðum opið um helgina gott útisvæði.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



**GLÆSILEGUR AUDI Q5 2015 ÁRGERÐ**

Audi Q5 V6T Quattro ekinn 4.þkm disel,ssk,5,9 í 100, nývirði 9,7.m feitletrað TILBOÐ 8,3.m raðnúmer 213423 Bíllinn er á staðnum í núpalind 1 kóp.5885300

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100 bílar bílasala .is



Hyundai Tucson Premium, 1/2016, nýr bíll, dísel, stærri vélin 185 hö, 19 " felgur, mjög flottur bíll, panoramaþak, íslenskt leiðsögukerfi, ásett verð 6.950 þús, er á staðnum, raðnr 152318. Eigum einnig til steingráa bíla líka.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**IVECO MASSIF 2010**

Flottur Dísel jeppi 2010, 6 gíra beinskiptur, ný dekk, 35" ek. 102þkm. Verð 3.900þ Uppl. 820-5181



**DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !**

VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 50. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.600.000,- Uppl. í s. 8223322

## 250-499 þús.



**FRÁBÆRT VERÐ !**

Peugeot 206 station. árg '03. ek 143þús km. sk '17. heilsársdekk. sparneytinn og góður bíll fyrir lítinn pening. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**EKINN AÐEINS 101ÞÚS KM!**

Til sölu Skoda Octavia 1,6. árg '05. ek aðeins 101þús km. station. bsk. álfelgur. virkilega heilt og gott eintak. Verð aðeins 690þús. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000
NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur



Til sölu City Runner Vespa 250cc árg 2008 verð 299.þ, uppl. í s. 860 3747

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## til sölu

Alltaf logn
á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.



SKELIN

Höfðabakki 9,
110 Reykjavík
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX



Vandaðir álsólskálar og glerhýsi



## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, sprtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Húsaviðhald

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nuddtilboð. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 855 3199

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu. S. 6615219

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SÉRVERKEFNI**
Ræstingaþjónustan ehf óskar eftir að ráða starfsmenn í sérverkefnadeild við bónvinnu, hreingerningar o.fl. á höfuðborgarsvæðinu. Störfin henta báðum kynjum. Bílpróf, hreint sakavottorð og góð íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.
**Nánari uppl. fást í síma 821-5050 á skrifstofutíma eða sendið umsóknir á rth@rth.is**

**PRACA DLA DOSWIADCZONYCH**

**SZPACHLARZY-MALARZY.**
Bardzo dobre zarobki. Doswiadczenie przy szpachlowaniu i szlifowaniu maszynowym. Praca w systemie akordowym (szpachlowanie, szlifowanie, gruntowanie) Mile widziana znajomosc j.angielskiego lub islandzkiego. Kontakt Björgvin 844 9188 Vaskir Drengir ehf

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Óska eftir vélstjóra með vs111 réttindi og einnig stýrimann. Uppl. í s. 892 5522

Vanan mann vantar á 60 tonna dragmótarbát sem rær frá Þorlákshöfn og Grindavík. Uppl. í s. 896 7515 og 868 5965

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

53 ára kona, vön verslunarstörfum óskar eftir atvinnu. Uppl. í s. 659 3952

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Atvinna í boði. Óska eftir manni í múr og sprunguviðgerðir. Reynsla æskileg. Uppl. í síma 6185286 Þórður

## til sölu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).
HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO





Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Lindarbraut 10, Seltj.nesi - miðhæð




Vorum að fá í sölu mjög falleg og mikið endurnýjaða 135 fm miðhæð í 3-býlishúsi við Lindarbraut á Seltjarnarnesi. Sér inngangur. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, hol, eldhús, baðherbergi og fjögur herbergi. Glæsilegt útsýni. **Verð 51,5 millj.**

**ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS FIMMTUDAGINN 5. MAÍ N.K. FRÁ 12:30 TIL 13:00.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavik

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Breiðvangur 24, 220 Hafnarfjörður







**Sérlega skemmtileg vel hönnuð 117,2 fm 4 herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu vel staðsettu og viðhöldnu fjölbýli í norðurbænum byggt 1974.**

**Lýsing eignar**: Góður inngangur, forstofa flísalögð með skáp. Flísalagt eldhús, góður borðkrókur. Þvottahús með glugga. Rúmgóð björt stofa með útgangi á skjólgóðar sólríkar svalir í suðvestur. Við hlið stofu er opið sjónvarpsherbergi eða borðstofa sem auðveldlega má loka af og nýta sem herbergi, góður gluggi þar. Á gangi eru tvö barnaherbergi og mjög rúmgott hjónaherbergi með góðum skáp, útgangur þaðan á svalir. Baðherbergi flísalagt, baðkar með sturtu, innrétting, gluggi á baði. Parket og flísar á gólfum. Góð geymsla í kjallara, snyrtileg og góð sameign, stigahús snyrtilegt og vel umgengið. Hús að utan virðist í góðu ástandi enda hefur viðhaldi verið vel sinnt á s.l. árum. Eignin er mjög vel staðsett, leik- og barnaskóli í göngufæri og stutt í alla helstu þjónustu.

**Allar frekari uppl. veitir Hilmar Þór Bryde sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu í síma 520-7500, gsm 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### TIL LEIGU – Borgartún 27 – Rvk.




Til leigu á 2. hæð 322 fm. og á 4. hæð 537 fm. (sjávarmegin) í glæsilegu skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 27 í Reykjavík. Móttaka, mötuneyti, lyfta og húsvörður er í húsinu. Næg bílastæði.

### TIL LEIGU – Borgartún 31 – Rvk.




Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 2. hæð. Lyfta er í húsinu.

**Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310.**

BYGG




### OPIÐ HÚS
**miðvikudaginn 4.maí kl.17:30-18:00**



Efri sérhæð að stærð 135,6 m²
Bílskúr að stærð 27,2 m²
samtals 162,8 m²
Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls
Möguleiki á 5 herbergjum
Glæsilegar stofur
Einstök staðsetning

Verð: **64,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT

## fundir

**BÚSETI**
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

### FÉLAGSFUNDUR

**Búseti boðar til félagsfundar fimmtudaginn 12 maí kl. 16:30-18 á Grand Hótel Reykjavík.**

**Fundarefni:**
kynning á nýjum lögum um húsnæðissamvinnufélög.

## tilkynningar

**Forval nr. 0010 fyrir Húnavatnshrepp**

# Lagning ljósleiðara í Húnavatnshreppi

Húnavatnshreppur óskar eftir þátttöku áhugasamra aðila til að taka þátt í forvali fyrir lokað útboð á lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið.

Um er að ræða lagningu á ljósleiðara alls 178.871 metrar af stofnlögnum og 124.241 metrar í heimtaugum.

Um er að ræða þrjár lagnaleiðir og er óskað eftir þátttökutilkynningu í hverja leið fyrir sig. Heimilt verður að gera tilboð í eina leið, tvær eða allar þrjár leiðirnar.

### Skipting á lagnaleiðum er eftirfarandi:

**Leið 1:**
Stofnlagnir: 48.868 metrar
Heimtaugar: 45.244 metrar

**Leið 2:**
Stofnlagnir: 54.109 metrar
Heimtaugar: 72.169 metrar

**Leið 3:**
Stofnlagnir: 57.834 metrar
Heimtaugar: 24.888 metrar

Þátttakendur forvalsins þurfa að uppfylla fjárhags- og tæknilegar kröfur auk annarra hæfiskrafna. Í kjölfar forvalsins mun val tilboðs frá hæfum bjóðendum byggjast á verð- og tæknimælikvörðum sem notaðir verða til að velja hagkvæmustu og gagnlegustu lausnina fyrir Húnavatnshrepp og notendur væntanlegrar þjónustu.

Hægt verður að nálgast forvalsgögn 0010 eftir 9. maí 2016. Skila skal þátttökutilkynningum á skrifstofu sveitarfélagsins: Húnavatnshreppur, Húnavöllum, 541 Blönduós eða á netfangið einar@hunavatnshreppur.is eigi síðar en 20. maí 2016

**Húnavatnshreppur**

hunavatnshreppur.is

HÖRÐUR ÞÓRHALLSSON



## Hættir störfum hjá Stjórnstöð ferðamála

Hörður Þórhallsson er hættur sem framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála og verður starf framkvæmdastjóra auglýst laust til umsóknar á næstunni. Stjórnstöðinni er ætlað að starfa til ársins 2020 og var Hörður ráðinn framkvæmdastjóri tímabundið til sex mánaða til að koma verkefninu af stað en hverfur nú til annarra starfa. – sg

KAREN MARÍA JÓNSDÓTTIR



## Viðburðastjóri í upplýsingamál

Karen María Jónsdóttir tekur við starfi deildarstjóra Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna hjá Höfuðborgarstofu þann 15. maí. Karen María hefur haft umsjón með stærstu hátíðum Reykjavíkurborgar síðustu fimm ár. Þar hefur hún séð um undirbúning, skipulag, markaðssetningu og framkvæmd Vetrarhátíðar, Barnamenningarhátíðar, Menningarnætur, Friðarsúlu Yoko Ono og Jólaborgarinnar Reykjavíkur.

Karen María lauk MA-gráðu í stjórnun stofnana með áherslu á menntastofnanir frá Háskóla Íslands árið 2014 og MA-diploma í opinberri stjórnsýslu frá sama háskóla árið 2015. Áður hafði hún lokið doktoral-gráðu í leikhúsfræðum annars vegar og hins vegar MA-gráðu í þverfaglegri listgreinakennslu frá Háskólanum í Amsterdam árið 2004. – sg

# Skattrannsóknarstjóri skoðar ný mál eftir Panama-umfjöllun

**Bryndísi Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóri leiðist að fylla út eigin skattskýrslu en segir skattamál að öðru leyti spennandi. Embættið er með ný mál til skoðunar eftir umfjöllun fjölmiðla úr Panamaskjölunum.**

## SVIPMYND

**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir embættið vera með ný mál til skoðunar eftir umfjöllun fjölmiðla sem byggði á Panamaskjölunum svokölluðu, gagnaleka frá panamísku lögfræðiskrifstofunni Mossack Fonseca. Embættið var fyrir með þrjátíu mál til rannsóknar, byggð á gögnum sem embættið keypti í fyrra.

Þar að auki séu ýmis verkefni sem embættið sé að takast á við. „Það eru svolitlar áhyggjur af þessum undanskotum sem eru í byggingastarfseminni. Þau virðast í einhverjum tilfellum vera grófari og skipulagðari en við höfum séð áður, og verulegar fjárhæðir oft,“ segir Bryndís.

Þá sé embættið, sem hjá starfa rúmlega tuttugu manns, að fara yfir verkefnastöðuna fyrir sumarfrí og meta hvaða verkefni hægt sé að klára fyrir næstu áramót.

Skattamál eiga hug hennar allan, en bæði hún og eiginmaður hennar, Júlíus Smári, starfa við skattamál. Júlíus er lögfræðingur hjá yfirskattanefnd. „Ég segi nú stundum að innan allra trúnaðarreglna er koddahjalið um skattamál, sem kannski engum öðrum en okkur finnst skemmtilegt,“ segir hún.

Bryndís segir skattamálin vera spennandi og krefjandi verkefni. Bryndís hefur verið skattrannsóknarstjóri frá árinu 2007 og hefur nær alfarið starfað við skattamál frá því að hún útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands árið 1993. „Þetta eru mjög skemmtileg verkefni og ég er ekki viss um að aðrir en þeir sem eru í skattamálum haldi að maður sé þar að tala í alvöru,“ segir Bryndís.

Henni leiðist engu að síður að fylla út eigin skattframtal. „Það er eitt það leiðinlegasta verkefni sem maður gerir, að gera skattframtalið, einhverra hluta vegna, þó að það sé allt miklu einfaldara en var,“ segir hún.

Bryndís segist þó ekki hafa hugsað sér að starfa hjá embættinu um aldur og ævi. „Ekki vegna þess að þetta sé ekki skemmtilegt, heldur af því að bæði ég og embættið höfum gott af því að skoða og reyna aðra hluti.“

Hún segir þó ekkert fararsnið á sér núna. „Það er ekkert slíkt sem er á döfinni,“ segir hún að lokum. ingvar@frettabladid.is



> **Það eru svolitlar áhyggjur af þessum undanskotum sem eru í byggingastarfseminni. Þau virðast í einhverjum tilfellum vera grófari og skipulagðari en við höfum séð áður, og verulegar fjárhæðir oft.**
>
> Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri

**Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir skattaundanskot í byggingastarfsemi virðast vera alvarlegri og skipulagðari en áður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.



★ Veitingastaðir
★ Stóreldhús
★ Mötuneyti

hafid@hafid.is
554 7200

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

## Nýsköpun

**Sævar Kristinsson**
ráðgjafi hjá KPMG
**Karl Friðriksson**
framkvæmdastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands



# Að huga að framtíðum

Fyrsta sviðmyndaverkefnið var unnið hér á landi fyrir um tíu árum. Í kjölfar þess gáfu undirritaðir, ásamt Eiríki Ingólfssyni, út bókina Framtíðin. Frá óvissu til árangurs. Notkun sviðsmynda (Scenarios) við stefnumótun. Fjöldi verkefna fyrir fyrirtæki og opinbera aðila hefur verið unninn síðan með þessari aðferðafræði.

Á þessum tíu árum hefur áhugi og viðhorf landsmanna til að huga að framtíðarstraumum stóraukist. Hugtakið sviðsmyndir er orðið tungunni tamt en er stundum of- og misnotað.

**Mótun sviðsmynda þarf faglegra stýringu**

Þátttakendur við gerð sviðsmynda telja vinnuna hagnýta og skila góðum árangri við stefnumótun og auka víðsýni þeirra umfram margar aðrar aðferðir. Til að árangur náist þarf skýran tilgang með slíkri vinnu og markvissa innleiðingu á þeim niðurstöðum sem hún gefur af sér. Mótun sviðsmynda er verkferli sem þarf faglega stýringu.

Nýr kafli þessara fræða er að mótast hér á landi. Háskólinn á Bifröst, KPMG og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa stofnað Framtíðarsetur Íslands, sem ætlað er að auka enn frekar hagnýtingu þessara fræða. Fræðigreinin er vel þekkt erlendis og aðferðir hennar notaðar á sviði stefnumótunar, nýsköpunar og áhættugreiningar. Fyrirtæki og stofnanir, huga nú í auknum mæli að þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér út frá þessum fræðum. Við Íslendingar höfum minntir rækilega á það á undanförnum misserum að „framtíðin er ekki eins og hún var vön að vera“ og að „það gerist sem engum hafði dottið í hug“. Horfa þarf á samfélagsþróun og breytingar út frá öðru sjónarhorni, því hefðbundin þróun þarf ekki að nýtast vel sem grunnur hugleiðinga til framtíðar.

Góður maður sagði að „nútíðin væri þunguð af framtíðinni“. Þá framtíð getum við mótað, rétt eins og börnin okkar, með því að horfa skipulega fram á við, huga að þeim drifkröftum sem við búum við, kortleggja möguleikana og vera þannig eins vel undir framtíðina búin og kostur er.

**Góður maður sagði að „nútíðin væri þunguð af framtíðinni“. Þá framtíð getum við mótað, rétt eins og börnin okkar, með því að horfa skipulega fram á við.**

## Sjaldgæf sjón í Suður -Kóreu



Það er ekki algengt að nú til dags nýti bændur í Suður-Kóreu dráttardýr við að plægja akra. Flestir þeirra hafa tekið nútímaleg verkfæri í notkun. Þessi bóndi í þorpinu Hongcheon nýtti sér þó tvo uxa við vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Brexit: Ætti ég að vera eða fara?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

„Should I stay or should I go?“ var titillinn á frægu pönklagi The Clash 1981. En þetta er líka spurningin sem breskir kjósendur þurfa bráðum að svara – ætti Bretland að vera áfram í Evrópusambandinu eða fara – einnig kallað Brexit.

Skoðanakannanir gefa til kynna að mjög mjótt verði á mununum á milli stríðandi fylkinga – „vera“ og „fara“. En ef við lítum á hina svokölluðu spámarkaði og hlutföllin hjá veðmöngurum virðast líkur á að Bretar velji að fara úr ES vera einn þriðji og þar af leiðandi er líklegast – þrátt fyrir jafnar skoðanakannanir – að Bretar velji að vera áfram á ES.

En ekkert er gefið og útganga Breta úr Evrópusambandinu myndi að sjálfsögðu hafa afleiðingar fyrir Bretland, bæði pólitískar og efnahagslegar, en það myndi að sama skapi hafa afleiðingar fyrir hin Evrópusambandslöndin og auðvitað fyrir evrópska hagkerfið.

Ef við einbeitum okkur að efnahagslegum afleiðingum fyrir Evrópu þá fara þær algerlega eftir ákvörðunum stjórnvalda í Brussel (og sennilega sérstaklega í Berlín og París), en ekkert virðist „góð“ útkoma. Eða eins og Clash söng: „If I go there will be trouble, and if I stay it will be double.“ Við töpum hvernig sem fer – eða öllu heldur, spurningin er ekki bara um það hvort Bretland segi skilið við ES. Hún er frekar um það hvaða stefnu við munum sjá bæði í Bretlandi og Evrópusambandinu eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Einn möguleikinn er að Evrópusambandið segi: „Heimsku Bretar – nú standið þið einir og við viljum ekkert með ykkur hafa og þið eruð ekki velkomnir á innri markaðinn.“

**Ef við einbeitum okkur að efnahagslegum afleiðingum fyrir Evrópu þá fara þær algerlega eftir ákvörðunum stjórnvalda í Brussel.**

Hinn möguleikinn gæti verið mun skynsamlegri og betur ígrundaður valkostur – valkostur þar sem leiðtogar Evrópusambandsins viðurkenna að ekki sé allt eins og það ætti að vera í Evrópu, og að kannski sé kominn tími til að staldra við og styrkja það sem raunverulega virkar í Evrópu – innri markaðinn – og gleyma draumnum (martröðinni?) um frekari pólitískan samruna í Evrópu.

Það er augljós ástæða til að óttast að við fáum útgáfu af „heimsku Bretar“ valkostinum og í versta falli gætum við séð gripið til verndartolla hjá Evrópusambandinu gegn Bretum. Hvað þetta varðar þarf að hafa í huga að umbótasinnuðu löndin munu missa mikilvægan bandamann ef Bretland fer.

Þannig gæti maður óttast að ES án Bretlands yrði ES sem stjórnaðist meira af franskri hagfræðihugsun með meira regluverki og ríkisafskiptum af efnahagslífinu, frekar en umbótastefnu frjálsa markaðarins, sem Bretar hafa yfirleitt stutt. Evrópusamband sem stjórnast af „franskri“ hagfræðihugsun væri sannarlega ekki góðar fréttir fyrir evrópska hagkerfið, sem þjáist nú þegar af meiriháttar kerfisvandamálum.

En það þarf ekki endilega að vera þannig. Evrópusambandsríkin gætu einnig valið vel ígrundaða kostinn og viðurkennt loksins að fáir Evrópubúar vilja Evrópska ofurríkið og að svarið við vanda Evrópu er einmitt umbætur úr smiðju Breta og minni miðstýring. Ef Evrópa velur þá leið ætti kostnaðurinn við Brexit að verða viðráðanlegur.

# Ertu að leigja út íbúðina þína til ferðamanna?



## Hin hliðin

**Vala Valtýsdóttir**
**lögfræðingur og eigandi hjá Deloitte.**

Alger sprenging hefur orðið í komu ferðamanna til Íslands og hafa því margir hugsað sér gott til glóðarinnar með að leigja út íbúðirnar sínar í skammtímaleigu. En að mörgu er að hyggja áður en farið er út í slíkan „bisness“ bæði hvað varðar skatta og leyfisumsóknir.

Verulegur munur er á því skattalega hvort útleiga fasteignar er til skemmri tíma (gisting) eða lengri (varanlegar íbúðar). Auk þess þarf að huga að hinum ýmsu leyfum frá yfirvöldum í tengslum við skammtímaútleigu íbúða. Má alltaf leigja út íbúðina sína í skammtímagistingu, s.s. AIRBNB?

Alla jafna er öllum heimilt að leigja út fasteignir sínar til lengri tíma, enda er þá notkun óbreytt, þ.e. til íbúðar. Öðru máli gegnir hins vegar um skammtímaútleigu (gistingu).

Ef svo á við þá þarf annars vegar að sækja um starfsleyfi og hins vegar rekstrarleyfi. Rekstrarleyfi er sótt til viðkomandi sýslumanns en þótt það fáist útgefið er ekki öll sagan sögð. Einnig þarf að sækja um starfsleyfi til þess sveitarfélags sem íbúðin tilheyrir.

Svo slíkt leyfi fáist útgefið þarf jákvæða umsögn byggingarfulltrúa annars vegar og samþykki eldvarnareftirlits hins vegar. Þá þarf að huga að því hvort svæðaskipulag viðkomandi hverfis heimili útleigu til skemmri tíma enda getur gististarfsemi verið óheimil í viðkomandi hverfi eða svæði. Þannig skiptir megin máli að vera fyrirhyggjusamur og kanna hjá viðkomandi sveitarfélagi hvernig þessum málum er háttað áður en ráðist er í kostnaðarsamar framkvæmdir.

**Er slík sala gistingar virðisaukaskattsskyld?**

Samkvæmt ákvæðum virðisaukaskattslaga er sala á gistingu virðisaukaskattsskyld.

Þetta þýðir að ef viðkomandi telur að hann muni selja slíka gistingu fyrir eina milljón eða meira á 12 mánaða tímabili þá á hann að skrá sig á virðisaukaskattsskrá og innheimta virðisaukaskatt af leigufjárhæðinni.

Hins vegar er aðeins heimilt að innskatta kostnað, s.s. vegna breytinga á íbúð, ef hún er að öllu leyti nýtt til skammtímaútleigu, þ.e. sé íbúðin notuð aðeins að hluta til útleigu en jafnframt til íbúðar er innskattsréttur ekki fyrir hendi.

**Lokaorð**

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru um þær skyldur sem hvíla á þeim aðilum sem leigja út fasteignir til skammtímaleigu. Þótt ekki gildi eins strangar reglur um heimagistingu, þ.e. útleigu herbergis í íbúðarhúsnæði, eins og skammtímaleigu íbúða er einnig rétt að gæta sín áður en út í slíka leigu er farið.

HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030



Barrokk klukka - verð 34.000
**Tilboð 28.000**
Stærð 21,5 x 14,5 sm h. 32 sm



Golda hliðarborð - verð 117.000
**Tilboð 98.000**
Stærð 120 x 40 sm - h. 80 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
**Tilboð 137.000**
Stærð 180 x 50 sm - h. 60 sm



Blaðgrindarborð - verð 43.000
**Tilboð 35.000**
Stærð 58 x 40 sm - h. 65 sm



Chippendale stofuskápur - verð 379.000
**Tilboð 298.000**
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm



Viceroy hægindasófi verð 329.000
**Tilboð 279.000**
Stærð 222 x 95 sm h. 105 sm



Flair hliðarborð verð 134.000
**Tilboð 107.000**
Stærð 110 x 47 sm - h. 80 sm



Sófaborð 2 skúffur - verð 105.000
**Tilboð 84.000**
Stærð 130 x 60 sm - h. 50 sm



Viceroy hægindastóll verð 165.000
**Tilboð 139.000**
Stærð 95 x 95 sm h. 105 sm



Calais 3 + 2 - verð 230.000
**Tilboð 186.000**
3 sæta 222 sm, 2 sæta 168 sm x 97 sm h. 86 sm



Ashton svefnsófi - verð 198.000
**Tilboð 138.000**
Stærð 200 x 88 sm h. 71 sm



Coltrain sófasett - verð 547.000
**Tilboð 437.000**
Sófi 230 - stóll 104 x 100 sm h. 95 sm



Hægindastóll m. snúningi - verð 139.000
**Tilboð 99.000**
Stærð 82 x 90 x 105 sm



Novel tungusófi - verð 242.000
**Tilboð 159.000**
Stærð 297 x 185 sm h. 88 sm



Rafael hægindastóll - verð 134.000
**Tilboð 114.000**
Stærð 81,5 x 91 sm h. 109,5 sm

**WWW.HUSGAGNABANKINN.IS**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. maí 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.856,11 +32,72
(1,79%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Kraftaverkið í Leicester

**Leicester City** tryggði sér í fyrrakvöld sigur í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Sennilega er um að ræða eitthvert mesta og óvæntasta íþróttaafrek síðustu ára.

**Enska deildin** hefur nú um árabil verið einokunarvettvangur stærstu og ríkustu liðanna. Raunar hafa einungis sex lið unnið titilinn frá því að enska úrvalsdeildin var sett á laggirnar árið 1992. Að Blackburn Rovers undanskildum, sem á þeim tíma var fjármagnað af auðkýfingnum Jack Walker og það lið sem eyddi allra mestu í leikmannakaup, hafa einungis Lundúnaliðin Arsenal og Chelsea, og Manchester-liðin United og City unnið deildina.

**Það vill nú líka** svo til að þessi fjögur stórveldi greiða hæstu launin, og eyða mestu í leikmannakaup. Það er nokkuð sorgleg staðreynd að síðustu ár hefur sætaskipan í deildinni að vori nánast algerlega farið eftir því hverjir greiða hæstu launin. Með öðrum orðum, knattspyrnan á ekki lengur að vera leikur þar sem Davíð getur sigrað Golíat. Leikurinn var orðinn fyrirsjáanlegur.

**Þetta hefur Leicester** nú afsannað. Stjórnendur stærstu liðanna klóra sér á meðan í hausnum, en markaðsstjórar Úrvalsdeildarinnar hljóta að fagna eins og flestir hlutlausir knattspyrnuaðdáendur. Deildarkeppni sem hver sem er getur unnið selur sig nánast sjálf.

**Líkurnar á sigri** Leicester í upphafi tímabils voru 5.000 á móti 1 – sá sem veðjaði 200 íslenskum krónum fengi eina milljón í sinn hlut.

**Nánast væri** hægt að halda endalaust áfram að telja upp tölfræði sem sýnir fram á hversu ótrúlegt afrek þetta er: Louis Van Gaal, stjóri Manchester United, hefur eytt margfalt meiru í leikmannakaup á sínum tveimur árum hjá liðinu en Leicester í 132 ára sögu sinni. Leikmaður ársins, Riyad Mahrez, var keyptur á sem nemur einum vikulaunum hjá Wayne Rooney, stjórstjörnu United. Heildarlaunakostnaður Leicester er einungis fjórðungur þess sem hann er hjá Chelsea og tekjurnar réttur fjórðungur þess sem Manchester United aflar.

**Með öðrum orðum:** fyrst Leicester getur unnið ensku úrvalsdeildina eru íslenska landsliðinu allir vegir færir á Evrópumótinu í sumar.






## 63,6%

**FJÖLGUN NÝSKRÁNINGA**

Frá 1. janúar til 30. apríl 2016 fjölgaði nýskráningum fólksbíla um 63,6 prósent. Alls voru 2.273 nýir fólksbílar skráðir í apríl og fjölgaði þeim um 74,2 prósent milli ára samkvæmt tölum frá Bílgreinasambandinu. Endurnýjun bílaflotans er sögð mikilvæg vegna hás meðalaldurs flotans.

## 145

**MILLJÓN KRÓNA HAGNAÐUR**

VÍS hagnaðist um 145 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2016, samanborið við 733 milljónir króna á sama tímabili 2015. Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 425 milljónum króna samanborið við 1.113 milljónir króna árið 2015. Afkoma félagsins á fyrsta ársfjórðungi var undir væntingum.

**29.05.2016**



**Maður er kannski orðinn dimmsýnn en ég held að Ísland sé svolítið blint á fjármálasiðferði. Hrunið var hluti af alþjóðlegu hruni en mér fannst það sýna vel hvað við vorum barnaleg þegar kemur að öllu sem varðar fjármál. Ég á erfitt með að undanskilja nokkurn frá þeim dómi.**

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata




ORMSSON

# Þvottadagar

## fyrir heimilin í landinu

**25%**



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 63272FL*

Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 82.425,-**

Verð áður kr. 109.900



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 63472FL*

Tekur 7 kg af þvotti.
1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 89.925,-**

Verð áður kr. 119.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

*Lavamat 76485FL*

Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 112.425,-**

Verð áður kr. 149.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

